FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
281. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
MIÐVIKUDAGUR 29. NÓVEMBER 2017



Glatt var á hjalla í gær í aðdraganda Heimsþings alþjóðasamtakanna Women Political Leaders sem fer fram í Hörpu í dag og á morgun. Þátttakendur þáðu heimboð forseta Íslands og sóttu móttöku í Veröld – húsi Vigdísar Finnbogadóttur, verndara þingsins. Á hægri hönd Vigdísi stendur Laura Ann Liswood, meðstofnandi hennar að samtökunum. Vigdísi verða veitt heiðursverðlaun á þinginu. Það sitja 300 til 400 kvenleiðtogar í stjórnmálum frá um eitt hundrað löndum. Yfirskrift þingsins nú er „We Can Do It!“ – eða “Við getum gert það”. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Titringur innan nýju stjórnarflokkanna

**Fjármagnstekjuskattur hækkar í tuttugu og tvö prósent. Lilja Alfreðsdóttir tekur menntamál og Guðlaugur Þór heldur utanríkismálum.**

**STJÓRNMÁL** Taugatitringur einkennir lokametra stjórnarmyndunarviðræðnanna. Enn liggur ekki fyrir hvort Vinstri græn hafa níu eða ellefu þingmenn, en Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Andrés Ingi Jónsson taka afstöðu til samstarfsins á flokksráðsfundi í dag.

Jón Gunnarsson samgönguráðherra sem lengst af hefur verið talinn í mestri hættu á að hverfa úr ríkisstjórn, berst nú fyrir lífi sínu á ráðherrastóli. Baráttan um síðasta lausa ráðherrastól Sjálfstæðisflokksins er einkum milli hans og Kristjáns Þórs Júlíussonar menntamálaráðherra, en aðrir sitjandi ráðherrar verða áfram í ríkisstjórn samkvæmt heimildum.

Þótt erfitt geti reynst fyrir Bjarna að ganga fram hjá Kristjáni Þór sem hafur lengsta reynslu sem ráðherra og er fyrsti þingmaður síns kjördæmis, er Jón Gunnarsson sagður hafa verið mjög duglegur ráðherra í samanburði við Kristján Þór sem lagði ekkert frumvarp fram í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Þótt samið hafi verið um verkaskiptingu milli flokkanna eru breytingar þar að lútandi ekki útilokaðar allt fram á síðustu stundu, en formenn flokkanna ræddu við þingflokka sína í dag um ráðherraefni og mögulegt er að þau samtöl hafi áhrif á hvaða ráðuneyti flokkarnir fá. Þó mun liggja fyrir að Lilja Alfreðsdóttir verður menntamálaráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson verður áfram í utanríkisráðuneytinu og Sigríður Andersen verður með dómsmálin. Líkt og greint hefur verið frá verður Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra nýrrar ríkisstjórnar, Bjarni Benediktsson verður með fjármálin og Steingrímur J. Sigfússon verður forseti Alþingis.

Fjölmiðlaumfjöllun hefur sett töluvert mark á viðræðurnar allt frá upphafi þeirra. Mikillar tortryggni gætir innan allra flokkanna, ekki síst Vinstri grænna, eftir að einstök atriði úr málefnasamningi láku til fjölmiðla í gær, þar á meðal um stofnun stöðugleikasjóðs, hvítbók um endurskipulagningu fjármálakerfisins og hækkun fjármagnstekjuskatts um tvö prósent en fjallað er um áhrif hækkunarinnar í Markaðinum í dag. **– aá**

## Segja frá áreitni vísindamanna

**SAMFÉLAG** „Þarna er um að ræða beina kynferðislega áreitni reyndra fræði- og vísindamanna gegn konum,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Háskóla Íslands. Silja Bára er annar stofnenda lokaðs hóps kvenna í vísindum sem bætist við hópa kvenna á öðrum sviðum sem deila sögum af áreitni og ofbeldi vegna kynferðis.

„Það sem er sláandi er hversu umfangið er mikið,“ segir Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Að sögn Silju Báru munu konur í vísindum á næstu dögum deila reynslu sinni opinberlega. **– kbg /** **sjá síðu 6**



Silja Bára Ómarsdóttir.

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Anna Kolbrún Árnadóttir segir sparnað ógna öryggi. 11

**SPORT** Íslenska körfuboltalandsliðið byrjaði undankeppni HM illa. 12



**LÍFIÐ** Álitsgjafar Fréttablaðsins eru vissir um að Katrín Jakobsdóttir og Bjarni Ben séu að tala saman með fatavali sínu. 20

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ÚT Í BLÁINN
Töfrandi **jólaveisla í Perlunni** fyrir alla fjölskylduna



GJAFAKORT
BORGARLEIKHÚSSINS
GJÖF SEM LIFNAR VIÐ



568 8000 • BORGARLEIKHUS.IS

Skemmtileg jólavara



Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Vestlæg átt og hlýnar í veðri. Snjókoma með köflum fyrir norðan, en dálítill suddi eða rigning V-lands, einkum síðdegis. Bjartast verður SA-til. Hiti nær að öllum líkindum að hífa sig upp fyrir frostmark vestan til. **SJÁ SÍÐU 16**

## Öflugar mælingar við Öræfajökul

**NÁTTÚRA** Almannavarnanefnd Austur-Skaftafellssýslu leggur þunga áherslu á að byggt verði upp öflugt mæla- og öryggisnet umhverfis Öræfajökul. Þetta kom fram á fundi nefndarinnar fyrir íbúafundinn í Öræfum á mánudag.

Viðvera lögreglu í Öræfasveit er mikilvæg til að tryggja hraða og örugga rýmingu af svæðinu. Um 100 kílómetrar eru í næstu lögreglustöð. Möguleikinn á að útbúa viðbragðsbox fyrir hvern bæ var ræddur. Í slíku boxi væru til dæmis gleraugu, grímur, límband, leiðbeiningar og fleira notadrjúgt ef til rýmingar kæmi.

Þrátt fyrir óvissuástand eru Öræfingar óhræddir við gos. „Það gerist bara ef það gerist,“ segir Stefán Freyr Jónsson í Öræfum. **– sbs**

## Málin að skýrast




**Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, kallaði þingmenn flokksins á sinn fund í gær og mættu þeir einn af öðrum til að ræða við formanninn um fyrirliggjandi málefnasamning um myndun ríkisstjórnar með Vinstri grænum og Framsóknarflokki. Ljóst er að ráðherrum Sjálfstæðisflokks fækkar um einn en búist er við að Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir sitji áfram á ráðherrastóli. Þórdís ræddi málin við Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur, starfandi varaformann Sjálfstæðisflokksins, fyrir utan höfuðstöðvarnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Frosin vatnskörin voru óárennileg fyrir hrossin.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Drekkið það sem úti frýs

**DÝRAHALD** Hross í útigöngu á afgirtu túni við Rafnkelsstaðaveg í Garðinum á Suðurnesjum virðast ekki hafa átt sjö dagana sæla á löngum frostakafla sem loks sér fyrir endann á. Vatn sem hestunum var ætlað hafði verið frosið um nokkra hríð svo að skepnurnar gátu lítið annað gert til að slökkva þorstann en að éta snjó.

Íbúa í Garðinum rann staðan til rifja og úr málunum rættist eftir að haft var samband við dýraeftirlitsmann sem mætti á staðinn og kynnti sér aðstæður. Um kvöldið þann dag hafði ísinn loks verið fjarlægður úr körunum og þau hreinsuð af hrossataði áður en fersku vatni var bætt við. **– gar**




# Nýliðar á þingi ekki setið auðum höndum

Mánuði eftir kosningar hefur þing ekki verið kallað saman en nýliðar á þingi hafa að eigin sögn haft nóg fyrir stafni. Þau ganga frá lausum endum fyrri starfa á meðan þau setja sig inn í nýja starfið og hlakka til komandi átaka á þingi.

**STJÓRNMÁL** Mánuður er nú frá alþingiskosningum en nýir þingmenn segjast ekki hafa setið auðum höndum þó þing hafi ekki enn verið kallað saman. Fréttablaðið tók stöðuna á oddvitum þriggja flokka utan stjórnarmyndunarviðræðnanna til að forvitnast um hvað þeir hafi aðhafst.

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, var í óðaönn að pakka saman á lögmannsskrifstofu sinni þegar blaðamaður náði tali af henni í gær.

„Ég hef verið að ganga frá og úthluta verkefnum á lögmannsstofunni minni og er núna á leið í IKEA að kaupa pappakassa undir dótið mitt þar. Ég er að pakka saman.“

Hennar fyrsta verkefni sem þingmanns var að sitja ásamt öðrum nýliðum námskeið hjá skrifstofu Alþingis. Fyrstu vikuna hafi hún verið upptekin í stjórnarmyndun.

„Þingflokkur Samfylkingar stóð þétt saman í því. Þegar ljóst varð að við værum ekki á leið í ríkisstjórn förum við að undirbúa þingmál.“

Helga Vala kveðst ekki hafa getað setið auðum höndum og er spennt fyrir komandi þingi.

„Ég hlakka til að taka til starfa. Hér bíða fjölmörg verkefni okkar, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Við þurfum að vera á tánum.“

Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, tekur undir þetta. Segir að það hafi verið nokkurt verk að setja sig inn í það sem koma skal og ganga frá lausum endum frá fyrri störfum.

„Einhver tími hefur farið í að losa sig frá fyrri verkefnum þegar svona breyting verður á högum fólks. Greinaskrif og að fylgjast með pólitíska ástandinu hverju sinni.“



**Inga Sæland, Helga Vala Helgadóttir og Bergþór Ólason.** FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT

Hann hafi ekki upplifað sig aðgerðalausan.

„Þó það sé réttilega sagt að menn þurfi að hafa tilfinningu fyrir því að vinna fyrir laununum þá hefur verið í býsna mörg horn að líta þennan fyrsta mánuð. Ég hef ekki upplifað mig aðgerðalausan, sem betur fer.“

Það leggst ágætlega í Bergþór að byrja í stjórnarandstöðu og telur hann að það sé ekki alslæmt fyrir nýjan flokk.

„Vonandi tekst okkur að veita þétt og gott aðhald og styðja góð mál. Það er ágætis fólk í þessum flokkum sem eru að ná saman en það verður ekki allt gott sem frá þeim kemur. Þá verðum við klár.“

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segist hafa byrjað af krafti. Nýliðanámskeiðið hafi verið gagnlegt og þingflokkurinn fundað stíft.

„Við erum að kynnast því sem koma skal. Fá til okkar góða gesti, fólk sem getur uppfrætt og hjálpað okkur á þeirri vegferð sem við vorum kosin til að berjast fyrir.“

Inga segir að mest hafi komið á óvart það öryggisnet sem taki utan um nýja þingmenn. Ríflega hundrað starfsmenn þingsins aðstoði kjörna fulltrúa í einu og öllu.

„Þú finnur um leið og þú kemur inn að það er enginn vanmáttur. Þú getur tekist á við hvað sem er með góðum stuðningi. Ég hlakka til, er þakklát fyrir þetta tækifæri og vona að ég standi undir trausti kjósenda.“

**mikael@frettabladid.is**


Audi Q5
Q5 á sérkjörum
Nokkrir einstaklega vel útbúnir Audi Q5
á sérkjörum og til afhendingar strax.
Audi Q5 Quattro
Sport 2.0 190 hö
Audi Connect með innbyggðu SIM korti
MMI Navigation Plus
Audi Stafrænt mælaborð
Lyklalaust aðgengi með snertilausri opnun á skotti
LED aðalljós
Bílhitari með fjarstýringu
Geymslupakki
Dráttarbeisli niðurfellanlegt
Leðurklætt aðgerðastýri 3-spoke
Fjarlægðaraskynjarar að framan og aftan
Hraðastillir
Audi Sound System
Listaverð ~~9.020.000~~ kr.
Tilboðsverð 7.310.000 kr.
Audi Q5 Quattro
S line Sport 2.0 190 hö
Audi Connect með innbyggðu SIM korti
MMI Navigation Plus
Audi stafrænt mælaborð
Svört þakklæðning
19“ álfelgur
Þakvindskeið
LED aðalljós
Lyklalaust aðgengi með snertilausri opnun á skotti
Leður / Alcantara sætisáklæði
Bílhitari með fjarstýringu
Dráttarbeisli niðurfellanlegt
Flatbotna leðurklætt þriggja arma aðgerðastýri
Geymslupakki
Uppblásanlegt varadekk
Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
Hraðastillir
Audi Sound System
Listaverð ~~9.330.000~~ kr.
Tilboðsverð 7.990.000 kr.
5 ára ábyrgð
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

# Búast við tíu milljónum farþega á Keflavíkurflugvelli á næsta ári

**SAMGÖNGUR** Búist er við því að á næsta ári fari rúmlega 10 milljónir flugfarþega um Keflavíkurflugvöll. Það er 18 prósentum fleiri farþegar en á þessu ári.

Mest er fjölgunin á meðal skiptifarþega, sem millilenda eingöngu á flugvellinum á leið sinni á milli Evrópu og Norður-Ameríku eða 33 prósent. Fjölgun komu- og brottfararfarþega er hlutfallslega minni en undanfarin ár, 10 prósent, en þó er fjölgunin töluvert yfir meðaltalsfarþegafjölgun á flugvöllum í Evrópu og Norður-Ameríku.



Umferð um Keflavíkurflugvöll er að tvöfaldast frá 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Isavia veitir ekki upplýsingar um það hvernig flugið mun skiptast hlutfallslega milli íslenskra flugfélaga og erlendra.

„Hins vegar er ljóst að langstærstur hlutinn er Icelandair og WOW, sérstaklega í skiptifarþegum, af því að þau eru bæði að nota okkur sem skiptifarþegaflugvöll,“ segir Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar. Erlendu flugfélögin séu aftur á móti með hærra hlutfall farþega sem koma til landsins og fara sömu leið til baka en farþega í tengiflugi.

Fjölgun farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll hefur verið hröð undanfarin ár, en árið 2010, þegar Isavia var stofnað, fóru rúmar tvær milljónir farþega um völlinn.

Ef spáin gengur eftir mun farþegafjöldi hafa fjórfaldast á átta árum og ríflega tvöfaldast frá árinu 2015. **– jhh**

## Hækka lág laun á leikskólunum

**KÓPAVOGUR** Ófaglærðir starfsmenn leikskóla í Kópavogi hækka um sextán þúsund krónur í launum á mánuði frá áramótum. Sama á við um frístundaleiðbeinendur í dægradvöl grunnskólanna í Kópavogi.


**Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs.**

„Hækkunin er hluti af viðbrögðum Kópavogsbæjar við ástandi á vinnumarkaði í haust, sem hefur meðal annars birst í því að erfiðlega hefur gengið að ráða fólk til starfa í leikskóla og dægradvalir,“ segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ. 150 milljónir króna fari í sértækar aðgerðir í leikskólum bæjarins á næsta ári. **– gar**

## Tilraunaskot í átt að Japan

**NORÐUR-KÓREA** Norður-Kórea skaut upp langdrægri eldflaug í gær en flaugin endaði för sína í efnahagslögsögu Japana. Japanir hafa kallað eftir því að neyðarfundur fari fram í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna vegna málsins.

Eldflauginni var skotið klukkan hálf fjögur að nóttu til að staðartíma. Samkvæmt fjölmiðlum í Suður-Kóreu var flauginni skotið á loft í Pyongsong í Suður-Pyongan héraði.

Þetta er nýjasta eldflaugaskot Norður-Kóreu en tveimur flaugum var skotið á loft í ágúst og september, sinni í hvorum mánuðinum. Nokkrum vikum áður höfðu stjórnvöld í Pyongyang sprengt afar öfluga vetnissprengju. Það var sjötta tilraunakjarnorkusprengjan sem ríkið hefur sprengt. **– jóe**

# Einkunnir jafnari á samræmdu prófunum en áður var reyndin

**Niðurstöður úr samræmdum prófum í haust hafa verið birtar. „Sérstakt að sjá hvernig niðurstöður sýna jafnari mun milli kjördæma,“ segir sviðsstjóri matssviðs Menntamálastofnunar. Gleðst yfir velgengni skóla með hátt hlutfall nemenda með íslensku sem annað tungumál. Metnaðarfullt skólastarf sé á Vestfjörðum.**

**MENNTUN** „Okkur finnst sérstakt að sjá hvernig niðurstöður sýna jafnari mun milli kjördæma. Það höfum við ekki séð í eldri bekkjum,“ segir Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs hjá Menntamálastofnun.

Niðurstöður samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk grunnskóla sem fram fóru í september hafa verið birtar.

Sverrir bendir á að nemendur í Norðausturkjördæmi standi sig best í íslensku í 4. bekk en nemendur í Suðurkjördæmi standa sig best í stærðfræði. Í 7. bekk standa nemendur í Suðvesturkjördæmi sig best í íslensku en nemendur í Reykjavík standa sig best í stærðfræði.

„Það er svolítið merkilegt hvað þetta dreifist jafnar en áður. Það virðist vera góður framgangur hjá mörgum, þannig séð. Enn fremur er ánægjulegt að sjá hversu mikið Norðausturkjördæmi er að bæta sig, sýna flottar framfarir bæði í 4. og 7. bekk,“ segir Sverrir.

Sé rýnt í niðurstöðurnar sést að nemendur í Fellaskóla voru með lökustu frammistöðuna í íslensku, bæði í 4. og 7. bekk. Hins vegar er frammistaða nemenda í Varmahlíðarskóla lökust af öllum nemendum í 4. bekk á landinu. En í 7. bekk voru nemendur Klébergsskóla lakastir í stærðfræði.

Menntamálastofnun undirstrikar að mikilvægt sé að fara varlega í að túlka niðurstöður einstakra skóla eða sveitarfélaga þar sem stærð skóla, þátttökuhlutfall nemenda, fjöldi nemenda með íslensku sem annað tungumál og annar breytileiki geti haft áhrif á niðurstöður.



Margt er ánægjulegt í samræmdu prófunum að mati sviðsstjóra matssviðs hjá Menntamálastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sverrir fagnar því að skólar, sem eru með hátt hlutfall nemenda með íslensku sem annað tungumál, standi sig vel og séu duglegir að taka þátt. Hann bendir á skóla á Vesturlandi og Vestfjörðum sem dæmi.

„Þeir eru með toppþátttöku og eru að standa sig þannig vel. Ég er svo glaður þegar ég sé að á Vestfjörðum er 92-93 prósent þátttaka. Það segir mér að þetta sé metnaðarfullt skólastarf,“ segir Sverrir.

Að sögn Sverris leggur Menntamálastofnun mikla áherslu á það við skólastjórnendur að prófin séu notuð með nemendum, foreldrum og kennurum til að veita endurgjöf og breyta kennsluáherslum ef þess er þörf. „Noti þetta sem tól í stefnumótun til hliðar við annað námsmat og aðrar áherslur í kennslu.“

> **Ég er svo glaður þegar ég sé að á Vestfjörðum er 92-93 prósent þátttaka. Það segir mér að þetta sé metnaðarfullt skólastarf.**
>
> Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs hjá Menntamálastofnun



Þá segir Sverrir að fyrirlagning prófanna hafi gengið vel að þessu sinni og yfir 90 prósent skólastjóra segja að vel hafi tekist til í könnun sem var gerð. **jonhakon@frettabladid.is**

VINSÆLASTA BARNABÓKIN

Bók sem allir krakkar verða að lesa

„Lesandi getur hreinlega átt á hættu að fá harðsperrur í brosvöðvana við lesturinn ...“
Helga Birgisdóttir / Fréttablaðið






1. Metsölulisti Eymundsson Barnabókumvika 47

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15




# Við framleiðum á Íslandi

## Fyrsta Framleiðsluþing SI miðvikudaginn 6. desember kl. 8.30–11.00 í Silfurbergi í Hörpu

Á Íslandi er fjölbreyttur og umfangsmikill framleiðsluiðnaður sem skapar fjölda starfa og mikinn gjaldeyri. Íslensk framleiðsla er einn af burðarásum hagkerfisins þar sem mikilvæg verðmæti verða til. Á þessu fyrsta Framleiðsluþingi SI verður leitast við að svara því hver eru helstu tækifæri og áskoranir þeirra sem framleiða íslenskt. Af þessu tilefni kemur sérfræðingur frá Dansk Industri til landsins og gefur innsýn í hvað danskir framleiðendur hafa gert til að skapa vörum sínum sérstöðu innanlands og utan.

## Dagskrá



**Setning**
**Guðrún Hafsteinsdóttir,** formaður SI



**Ávarp**
**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir,** ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



**Verðmæt íslensk framleiðsla**
**Sigurður Hannesson,** framkvæmdastjóri SI



**Made in Iceland**
**Bryndís Skúladóttir,** sviðsstjóri framleiðslusviðs SI



**Hvað er íslenskt?**
**Guðmundur Oddur Magnússon,** prófessor við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands



**Vilja neytendur íslenskt?**
**Brynhildur Pétursdóttir,** framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna



**Er nægt hillupláss fyrir íslenska framleiðslu?**
**Jón Björnsson,** forstjóri Festi



**Made in Denmark**
**Jens Holst-Nielsen,** sérfræðingur í alþjóðaviðskiptum hjá Dansk Industri

**Pallborðsumræður – Helstu tækifæri og áskoranir íslenskra framleiðenda**

**Aðalheiður Héðinsdóttir**, eigandi Kaffitárs, **Eyjólfur Eyjólfsson**, forstjóri Axis, **Finnur Geirsson**, forstjóri Nóa-Siríus, **Nótt Thorberg**, forstjóri Marel á Íslandi og **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir,** ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.



Fundarstjóri er **Gestur Pétursson**, forstjóri Elkem á Íslandi og formaður Framleiðsluráðs SI, sem jafnframt stýrir umræðum í pallborði.

Allir velkomnir. Boðið er upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.
**Skráning á www.si.is**

SI Samtök iðnaðarins










## Agung að bresta í stórgos



**Aska og reykur stigu áfram upp úr Agung-fjalli á indónesísku eyjunni Balí í gær. Flugvellir voru lokaðir annan daginn í röð. Enn eru tilmæli um að rýma svæðið umhverfis fjallið. Sagði talsmaður Hamfarastofnunar landsins að aukin skjálftavirkni í fjallinu benti til að stórgos gæti hafist á hverri stundu.** NORDICPHOTOS/AFP

# Afhjúpa kynferðislega áreitni vísindamanna

**Konur í vísindaheiminum safna reynslusögum af kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir innan stéttarinnar. Konur greina meðal annars frá áreitni reyndra fræði- og vísindamanna sem leiðbeina þeim í framhaldsnámi.**

**SAMFÉLAG** Konur í vísindum bætast í hóp kvenna í stjórnmálum, listum og á fleiri sviðum sem deila sögum af áreitni og ofbeldi vegna kynferðis. Stofnaður hefur verið lokaður hópur fyrir konur sem starfa innan vísindasamfélagsins, til dæmis í skólum, stofnunum og fyrirtækjum.

„Þetta er stór og breiður hópur kvenna. Þarna er um að ræða beina kynferðislega áreitni reyndra fræði- og vísindamanna gegn konum. Þetta er mjög alvarlegt og ungar konur sem eru að vinna sig upp í stéttinni upplifa að þær eiga erfitt með að setja skýr mörk gagnvart slíkri áreitni,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, annar stofnenda hópsins.

Undir þetta tekur Katrín Ólafsdóttir, lektor í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

„Konur í háskólasamfélaginu finna fyrir því eins og aðrar konur að þær eiga erfiðara uppdráttar á ýmsum sviðum. Hér er farið af stað samtal kvenna og það er ýmislegt sem kemur í ljós. Sumar frásagnir varða samband nemenda og kennara, til dæmis í framhaldsnámi þar sem nemandinn á allt sitt undir leiðbeinandanum,“ segir Katrín.

Hún segir það ekki hafa komið sér á óvart að kynferðisleg áreitni þrífist innan vísindasamfélagsins. „Það sem er sláandi er hversu umfangið er mikið. Það þarf að bylta viðhorfinu,“ segir Katrín og viðurkennir aðspurð að stundum þyrmi yfir hana.

„Stundum er þetta ansi nálægt manni. Það sem truflar mig núna er að ég verð vör við skilningsleysi. Margir vilja gera lítið úr þessu. Til dæmis því að konur kjósa að nefna ekki gerendur. Það er ekki það sem skiptir máli, heldur hvað þetta er mikið samfélagsmein og hvað þetta er algengt. Nú er nauðsynlegt að karlar rísi upp til aðgerða,“ segir Katrín.



**Silja Bára Ómarsdóttir er annar stofnenda hópsins.**

Í mörgum skólum tíðkast það að nemendur gefa kennurum sínum umsögn eftir hverja önn. Konur innan hópsins hafa greint frá kynferðislegri áreitni í þessum umsögnum nemenda.

„Þarna berast margar óviðeigandi athugasemdir, oft með kynferðislegum undirtónum. Athugasemdir um klæðnað og hvernig konur bera sig og fleira,“ segir Silja Bára. „Ég geri ráð fyrir að það séu frekar karlar sem skrifa þetta og taka sér vald í skjóli nafnleysis. Þetta hefur áhrif á þær í kennslu,“ segir Silja Bára.

Að sögn Silju Báru munu konur í vísindum á næstu dögum senda frá sér nafnlaust skjal þar sem frásögnum af reynslu kvenna verður deilt opinberlega.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

> **Sumar frásagnir varða samband nemenda og kennara, til dæmis í framhaldsnámi þar sem nemandinn á allt sitt undir leiðbeinandanum.**
>
> Katrín Ólafsdóttir





KEYRUM ÞETTA Í GANG!
JÓLARÝMINGARSALA TIL 15. DESEMBER
JÓLAVERÐ 3.250.000 kr.
Verð áður 3.550.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr. + gjafakort
DACIA DUSTER BLACK EDITION
1.5 dísil, fjórhjóladrifinn, beinskiptur
JÓLAVERÐ 3.450.000 kr.
Verð áður 3.790.000 kr.
Afsláttur 340.000 kr. + gjafakort
NISSAN LEAF BLACK EDITION
100% rafbíll, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ 1.990.000 kr.
Verð áður 2.190.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr. + gjafakort
HYUNDAI i20 CLASSIC
1.2 bensín, beinskiptur
JÓLAVERÐ 4.890.000 kr.
Verð áður 5.290.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr. + gjafakort
SUBARU FORESTER PREMIUM
2.0 bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ 5.490.000 kr.
Verð áður 5.990.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr. + gjafakort
RENAULT KOLEOS ZEN
2.0 dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
GJAFAKORT
100.000 KR. GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!
Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL fyrir 15. desember fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka. Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, upp í skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.
Jólaverð á rýmingarsölunni gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.
ENNEMM / SÍA / NM85245
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Jólabæklingur Vodafone fylgir blaðinu



vodafone

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

# Lögregla beitti táragasi gegn þeim sem vildu sjá innsetningu forseta

**KENÍA** Uhuru Kenyatta sór í gær embættiseið forseta Keníu á Kasarani-leikvanginum í höfuðborginni Naíróbí. Leikvangurinn var troðfullur og fylgdust um sextíu þúsund með athöfninni.

En þótt athöfnin hafi gengið ágætlega var glundroði fyrir utan leikvanginn. Mun færri komust að en vildu og varð talsverður troðningur þegar hleypt var inn á Kasarani-leikvanginn. Til stóð að sýna athöfnina á risaskjáum fyrir utan völlinn en af því varð ekki. Þess í stað beitti lögregla táragasi gegn fjöldanum.

„Ég vildi bara sjá Uhuru Kenyatta forseta af því ég kaus hann. Af hverju er verið að berja okkur?“ sagði Janet Wambua, ein viðstaddra, við blaðamann AFP.

Skammt frá stóð lögregla í ströngu við að reyna að koma í veg fyrir fjöldafund stuðningsmanna stjórnarandstöðuleiðtogans Raila Odinga.

„Þetta er krýningarathöfn mun frekar en innsetningarathöfn. Við lítum ekki svo á að hann sé réttkjörinn leiðtogi Keníu,“ sagði Odinga í viðtali við BBC í gær. **– þea**



**Lögreglan í Naíróbí beitti táragasi bæði gegn stuðningsmönnum forseta og andstæðingum hans.** NORDICPHOTOS/AFP

## Gildi – lífeyrissjóður
*Sjóðfélagafundur*

*Hótel Reykjavík Natura, fimmtudaginn 30. nóvember kl. 17.00*

**Dagskrá:**
- Staða og starfsemi Gildis
  *Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri*
- Látið lífeyrissjóðina okkar í friði
  *Þorsteinn Víglundsson, alþingismaður*

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Gildis – lífeyrissjóðs

GILDI
Lífeyrissjóður www.gildi.is

Bókarkynning í Norræna húsinu,
föstudaginn 1. desember, kl. 12-13:30.




Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson kynna nýja bók sína,
***Ójöfnuður á Íslandi – Skipting tekna og eigna í fjölþjóðlegu samhengi***.

Fundarstjóri verður Valur Ingimundarson prófessor. Allir velkomnir.

Edda – Öndvegissetur við Háskóla Íslands

# Frans páfi forðaðist að nefna Róhingja

**Frans páfi fundaði með leiðtoga Mjanmar í gær og hélt ræðu þar sem hann nefndi hinn ofsótta þjóðflokk Róhingja ekki á nafn. Á hann hafði verið skorað að nota nafnið en yfirvöld þar í landi segja Róhingja ólöglega innflytjendur frá Bangladess.**

**MJANMAR** Frans páfi nefndi þjóðflokk Róhingja ekki á nafn í gær í ræðu sem hann flutti í kjölfar fundar með Aung San Suu Kyi, ríkisráðgjafa og þjóðarleiðtoga Mjanmar.

Páfi er nú á þriðja degi heimsóknar sinnar þar í landi en hann hefur áður tjáð sig um þjáningar Róhingja, sem Sameinuðu þjóðirnar og Bandaríkin segja verða fyrir barðinu á þjóðernishreinsunum af hálfu stjórnvalda og hersins.

Alls hafa meira en 620.000 Róhingjar flutt til Bangladess frá því ofbeldi braust út í Rakhine-héraði í ágúst.

Ríkisstjórn Mjanmar hafnar því að þjóðflokkurinn kallist Róhingjar og kallar þá þess í stað Bengala. Er það vegna þess að stjórnvöld, sem og stór hluti landsmanna, líta svo á að Róhingjar séu ólöglegir innflytjendur frá Bangladess og ekki beri að líta á þá sem einn af þjóðflokkum Mjanmar. Er Róhingjum til að mynda neitað um ríkisborgararétt, burtséð frá því hvort þeir fæðist í Mjanmar eða ekki.

Kaþólska kirkjan í Mjanmar, sem um eitt prósent landsmanna tilheyrir, hafði varað Frans við notkun heitisins og varð hann við þeirri viðvörun. Félagasamtök sem berjast fyrir réttindum Róhingja skoruðu hins vegar á Frans að nota heitið.

Í ágúst tjáði páfi sig um þjóðflokkinn. „Sorglegar fréttir hafa borist af ofsóknum á hendur bræðrum okkar og systrum úr þjóðflokki Róhingja. Við biðjum Drottin um að bjarga þeim og um að hjálpa góðu fólki við að hjálpa þeim,“ sagði páfi þá, ófeiminn við notkun heitisins.

En þótt páfi hafi ekki nefnt þjóðflokkinn á nafn var augljóst um hvað ræða hans snerist.

„Það verður að ríkja friður í Mjanmar. Sá friður þarf að byggjast á virðingu fyrir réttindum hvers og eins, virðingu fyrir þjóðflokkum, virðingu fyrir lögum og reglu og virðingu fyrir lýðræðinu sem gerir öllum einstaklingum kleift að láta gott af sér leiða.“

Páfi hélt áfram máli sínu og sagði að mannfólkið væri helsti fjársjóður Mjanmar. Fólkið hefði þjáðst mikið, og þjáðist enn, vegna átaka innan ríkisins. Þessar illdeilur hefðu varað of lengi og markað djúp sár. „Nú þegar þjóðin vinnur að því að koma á friði á ný verður það að vera í forgangi að lækna þessi sár.“

Langstærstur hluti Mjanmara er búddistar en Frans sagði það ekki eiga að valda deilum.

„Trúarlegur ágreiningur þarf ekki að leiða til óeiningar og vantrausts. Slík fjölbreytni getur skapað samheldni, fyrirgefningu og umburðarlyndi,“ sagði Frans.

Í dag stendur til að páfi sæki messu með kaþólikkum í Yangon en þegar heimsókninni lýkur er á dagskrá páfa að fara yfir landamærin og til Bangladess til þess að hitta fámennan hóp flóttamanna úr þjóðflokki Róhingja.

**Trúarlegur ágreiningur þarf ekki að leiða til óeiningar og vantrausts.**

Frans páfi



Sjálf hélt Suu Kyi einnig ræðu eftir fundinn. Sagðist hún hafa skilning á því að ástandið í Rakhine-héraði hefði fangað athygli heimsbyggðarinnar og að félagsleg, efnahagsleg og pólitísk vandamál hefðu eytt trausti og skilningi, samhljómi og samstarfi á milli mismunandi samfélaga í héraðinu.

Suu Kyi hefur verið gagnrýnd fyrir að taka ekki harðar á ofsóknunum, enda handhafi friðarverðlauna Nóbels. Var hún meðal annars svipt frelsisorðu ensku borgarinnar Oxford á mánudag.

Þó er óvíst að Suu Kyi hafi næg völd til að stýra aðgerðum hersins í Rakhine enda fer herinn með þrjú ráðuneyti og hefur þriðjung þingsæta.

**thorgnyr@frettabladid.is**










*Tilboðin gilda til laugardagsins 2. desember 2017

OPIÐ TIL KL
21 ÖLL KVÖLD.

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Niðurstaðan



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er ekki laust við að íslensk stjórnmál hafi löngum einkennst af skotgrafahernaði. Meirihlutar hafa verið myndaðir sem hafa komið sér saman um meginstefnu frá ýmist vinstri eða hægri, oftast frá hægri reyndar, og síðan hefur verið keyrt á fullu stími. Stjórnarandstaða upplifað sig valdalitla og jafnvel hálfraddlausa á vettvangi þingsins þar sem ráðaherravaldið hefur verið fyrirferðarmikið. Flestir sem fylgjast með eða hafa tekið þátt í stjórnmálum hafa lengi verið þeirrar skoðunar að þetta sé óþroskuð stjórnmálamenning sem sé þjóðinni vart til góðs. Að of algengt sé að góðar hugmyndir og jafnvel vel unnin mál eigi sér litla lífsvon ef þau eru runnin undan rifjum stjórnarandstöðunnar.

Að breyta þessu til betri vegar er eitt stærsta og mikilvægasta verkefnið sem íslensk stjórnmál standa frammi fyrir á komandi misserum. Það er reyndar ekki hægt að líta fram hjá því að flokkarnir þrír sem nú hafa komið sér saman um stjórnarsamstarf hafa í gegnum árin ekki beint verið flokkar róttækra kerfisbreytinga en þetta er engu að síður niðurstaðan. Þetta er stjórnin sem er búið að mynda og verkefnið er að vinna að bættri stjórnmálamenningu með ráðum og dáð, stjórn og stjórnarandstaða, gamlir refir sem nýir vendir en þeir síðarnefndu sópa víst best.

Ef horft er yfir sögu íslenskra stjórnmála má líka vel finna ýmis mál sem þingheimur allur sameinast um og þá ekki síst þegar mikið liggur við. Og þó svo í hugum margra og hagtölum ríki hér ágætis tímar þarf enginn að efast um að fyrir fjölda Íslendinga og innviði samfélagsins liggur nú mikið við að vel sé unnið, af heilindum og án sérhagsmuna þeirra sem meira eiga og betur mega sín. Innviðir íslensks samfélags hafa verið sýktir af fjársvelti og ráðaleysi um alllangt skeið og afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa fyrir fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur. Bætt lífskjör fyrir aldraða, öryrkja, langveika, fátæka og einfaldlega alla þá sem standa höllum fæti í þeirri samfélagsgerð sem við höfum komið okkur upp er verkefni sem mikið liggur við að leysa.

Þetta verkefni verður hvorki auðvelt né átakalaust. Það er fyrirsjáanlegt að ríkisstjórnarflokkarnir þrír, þá einkum Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn, hafa afar ólíka sýn á nálgun og úrlausn verkefnisins. Nýja ríkisstjórnin mun því þurfa á að halda breiðri pólitískri samstöðu innan þingsins og öllum góðum hugmyndum sem þaðan gætu komið eigi árangur að nást. Það þýðir hins vegar ekki að ríkisstjórnin eigi að búast við því að starfa í gagnrýnislausu umhverfi heldur þvert á móti. Verkefni stjórnarandstöðu og reyndar einnig fjölmiðla er ekki síst að veita stjórnvöldum hverju sinni tilhlýðilegt aðhald óháð flokkum og hugmyndafræði. Hvernig gagnrýni er tekið og hvernig verður úr henni unnið sé hún sett fram af skynsemi og sanngirni, óháð því hvaðan hún kemur, mun hins vegar ráða miklu um hvernig nýrri ríkisstjórn tekst til við að endurreisa innviði samfélagsins og ná fram sátt í samfélaginu. Þar til á reynir er ekkert annað í boði en að bíða og vona.

**Það þýðir hins vegar ekki að ríkisstjórnin eigi að búast við því að starfa í gagnrýnislausu umhverfi heldur þvert á móti.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Þriðji ráðherrann**

**Þegar stjórnarmyndunarviðræður milli VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hófust varð fljótlega ljóst að VG og Framsókn myndu gera tilkall til þriggja ráðuneyta hvor flokkur. Vitað var að Katrín Jakobsdóttir og Svandís Svavarsdóttir myndu gera tilkall til ráðherrastóla og líklegast myndi Steingrímur J. fara sínu fram. Nú telja hins vegar flestir að Steingrímur sækist frekar eftir embætti forseta þingsins en ráðherrasæti. Það verður því fróðlegt að sjá hver þriðji ráðherra flokksins verður. Margir veðja á Vestfirðinginn Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.**

**Formennskan**

**Þegar ACD-stjórnin var mynduð kvörtuðu stjórnarandstæðingar yfir því að þeim væri einungis boðin formennska í tveimur nefndum Alþingis. Töldu þeir reiknireglu leiða til þess að stjórnarandstaðan ætti að fá þrjá formenn. Á Bessastöðum í gær sagði Katrín Jakobsdóttir að stjórnarmyndunarflokkarnir hefðu boðið andstöðunni formennsku í þremur flokkum. Formanni Miðflokksins þykir lítið til þess koma og kvartar yfir því að stjórnarmyndunarflokkarnir vilji ráða hvaða nefndir það eru sem andstaðan getur stýrt. Já, vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti, eins og Jón Hreggviðsson sagði forðum.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Til nýrrar ríkisstjórnar: Útrýmum fátækt á Íslandi!



Kristín Ólafsdóttir
upplýsingafulltrúi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar

Hjálparstarf kirkjunnar undirbýr nú aðstoð við fólk sem til okkar leitar fyrir jólin sérstaklega. Í fyrra nutu um 4.000 manns þessarar aðstoðar sem er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk fær einnig hjá okkur notaðan fatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði og þá fá foreldrar efnislega aðstoð svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Fólkið sem leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi á flest erfitt með að ná endum saman vegna lágra tekna og mikils húsnæðiskostnaðar. Þegar fólk á erfitt með að mæta þeirri grunnþörf að hafa þak yfir höfuðið hefur það áhrif á allt annað í lífinu.

Í félagsvísum Hagstofunnar frá 2015 segir að 23% öryrkja og 20,3% einstæðra foreldra búi við skort á efnislegum gæðum en það þýðir til dæmis að hafa ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni, að hafa ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag og hafa hvorki efni á heimasíma né farsíma eða að hafa ekki efni á sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

Við berum öll ábyrgð á samfélaginu sem við búum okkur. Við ákveðum hver ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á að vera í stuðningsnetinu fyrir hvern og einn og við ákveðum hvernig við ætlum að skipta með okkur gæðunum, m.a. í kjaraviðræðum. Hvert og eitt okkar ber svo að sjálfsögðu ábyrgð á því að rækta hæfileika okkar og taka þátt í samfélaginu eftir getu.

Hjálparstarf kirkjunnar skorar á nýja ríkisstjórn að útrýma fátækt á Íslandi á kjörtímabilinu 2017–2021 og byrja á því strax við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2018. Við lýsum okkur reiðubúin til þess að taka þátt í þverfaglegu starfi til þess að svo megi verða og skorum á þá sem búa við fátækt að gera það einnig!

**Fólkið sem leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi á flest erfitt með að ná endum saman vegna lágra tekna og mikils húsnæðiskostnaðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Kynbundið ofbeldi er samfélagsmein



Halla Signý Kristjánsdóttir
þingmaður Framsóknarflokks

Í haust fór af stað átakið MeToo á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #metoo. Með því vilja konur rjúfa þögnina um kynferðislega áreitni og ofbeldi. Átakið hefur farið eins og eldur í sinu um allan heim. Konur úr flestum starfsstéttum hafa stigið fram og sagt frá kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir í starfsumhverfi sínu. Konur sem vinna að því að ná árangri innan sinnar starfsstéttar hafa sagt frá ótrúlegum hindrunum sem orðið hafa á vegi þeirra.

Konur í stjórnmálum hafa einnig orðið fyrir slíkri áreitni þegar barátta um áheyrn og jafnrétti til áhrifa er annars vegar. Það hefur haft þær afleiðingar að margar konur hafa ekki treyst sér til að starfa áfram á vettvangi stjórnmálanna. MeToo átakið hvetur konur til að rísa upp gegn kynbundnu ofbeldi, óháð þjóðfélagsstöðu og búsetu. Það fær karlmenn til að leiða hugann að þeim röngu skilaboðum sem þeir eru að senda út og sýnir þeim að slíkt viðmót verður hvorki viðurkennt né umborið.

Dagana 28.-30. nóvember verður haldin ráðstefna í Hörpu á vegum Women Political Leaders sem eru alþjóðleg samtök kvenna í stjórnmálum. Ráðstefnan er haldin í samvinnu við Alþingi og munu íslenskar konur í stjórnmálum vera gestgjafar að þessu sinni. Það er óhætt að fullyrða að MeToo átakið mun þjappa konum saman á heimsvísu til að rísa upp gegn kynbundnu ofbeldi og rjúfa þögnina sem fylgt hefur konum í gegnum aldirnar.

**Opin umræða er besta vopnið**

Framsókn hefur lagt ríka áherslu á fræðslu og forvarnir til að sporna gegn kynbundnu ofbeldi og vill að sett verði aukið fé í verkefnið svo það megi verða að veruleika. Í ráðherratíð Eyglóar Harðardóttur var sett reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, nr. 1990/2015. Þar er komið inn á skyldur bæði starfsmanna og atvinnurekenda þegar upp koma slík mál á vinnustöðum og hvaða leiðir eru færar til að uppræta slíkt. Fyrst og síðast er að opin umræða um málefnið er okkur öllum nauðsynleg, því í þögguninni leynast holur fyrir gerendur að dyljast í og halda áfram á sömu braut. Konur á Íslandi geta verið leiðandi í þessari mikilvægu umræðu og stutt kynsystur sínar víðsvegar um heiminn til að standa upp og verjast þessu.

# Sparnaður fjármuna – öryggi ógnað



Anna Kolbrún Árnadóttir
þingmaður Miðflokksins

Ríkinu verði gert að uppfylla tiltekið þjónustustig alls staðar á landinu. Þessa setningu er að finna í kosningaáherslum Miðflokksins undir stefnunni Ísland allt. Það er góð ástæða til þess að draga fram hvað felst í fullyrðingunni þar sem nú berast fréttir af því að grunnþjónusta sem fram til dagsins í dag hefur talist sjálfsögð verður aflögð á norðausturhorni landsins.

Þegar fólk velur sér búsetu skipta ótal þættir máli, mikilvægustu þættirnir eru án efa aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu en samkvæmt skilgreiningu velferðarvaktarinnar er grunnþjónusta í fyrsta lagi lögbundin lágmarksþjónusta sem ekki verður skert án lagabreytinga. Í öðru lagi felur hún í sér tiltekið þjónustustig lögbundinnar þjónustu sem hefð hefur skapast um að standi til boða þótt það sé ekki skilgreint í lögum.

Það er því nokkuð skýrt í hugum manna hvað um er að ræða þegar fjallað er um grunnþjónustu, það er nokkuð skýrt að innan þessarar skilgreiningar rúmast þjónusta sem snýr að öryggi íbúa hvar sem þeir kjósa að búa á landinu.

**Leggja niður fullbúinn sjúkrabíl**

Á Raufarhöfn er ætlunin um næstu áramót að leggja niður fullbúinn sjúkrabíl og vakt launaðra, menntaðra sjúkraflutningamanna og setja á stofn vettvangsliðsteymi sem virkar þannig að þeir sem skipa teymin hafa ekki lært að meðhöndla lyf eða hafa réttindi til þess að flytja sjúklinga í sjúkrabílum.

Þetta þýðir að bíða þarf eftir lækni til þess að gefa viðeigandi lyf og einnig þarf að bíða eftir sjúkrabíl sem kemur þá frá Þórshöfn eða frá Húsavík. Ekki skal dregið úr því að vettvangsliðsteymi geta virkað vel sem slík en þau geta ekki komið í stað menntaðra sjúkraflutningamanna að fullu leyti og eru því þrautalending. Það vekur því spurningar að á Raufarhöfn eru fullmenntaðir sjúkraflutningamenn sem hafa bæði getu og vilja til þess að sinna sínu starfi áfram.

Hvernig stendur á því að verið er að leggja niður grunnþjónustu, hvernig má það vera að á sama tíma og ríkisvaldið, í samstarfi við sveitarfélagið, stofnanir á svæðinu og í samstarfi við íbúa, vinnur að sérstöku átaki til eflingar byggðarinnar undir merkjum „Brothættra byggða“, skuli einstakar ríkisstofnanir grípa til aðgerða sem eru beinlínis til þess fallnar að rýra búsetuskilyrði á svæðinu og þar með ógna öryggi íbúa?



# Tryggvi þarf að fá meira traust

**Íslenska körfuboltalandsliðið byrjaði undankeppni HM illa en þrátt fyrir mikil forföll var liðið í frábærri stöðu á móti Búlgaríu. Hrun í lokin og tap í Höllinni þýðir að brekkan verður mun brattari á næsta ári.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta verður erfið nótt,“ sagði Martin Hermannsson í samtali við íþróttadeild eftir tap á móti Búlgaríu í Höllinni á mánudagskvöldið.

Martin hafði gert sitt í leiknum og íslenska liðið var búið að koma sér í stöðu til að landa dýrmætum sigri. Niðurstaðan varð hins vegar annað tapið á fjórum dögum og neðsta sæti riðilsins.

Ísland hefur komist á tvö Eurobasket-mót í röð og var á heimavelli á móti þjóð sem hefur ekki komist á Eurobasket í sex ár.

Það er hægt að kvarta yfir úrslitunum enda alltaf slæmt að byrja undankeppni á tveimur tapleikjum en það er engu að síður hægt að gleðjast yfir því að tveir ungir leikmenn verða alltaf betri og betri í hvert skipti sem við sjáum þá í landsliðstreyjunni.

### Martin frábær í báðum leikjum

Martin Hermannsson var yfirburðamaður í íslenska liðinu þegar við tökum þessa tvo leiki saman. Hann hefur tekið yfir hlutverk Jóns Arnórs Stefánssonar sem burðarás liðsins. Martin var með 25 stig að meðaltali og 58 prósenta skotnýtingu í leikjunum tveimur. Það er ekkert skrýtið að hann hafi verið svekktur því hann gerði svo sannarlega sitt til að liðið ynni leikinn.

Tryggvi Snær Hlinason sýndi líka með 6 vörðum skotum, 6 fráköstum, 6 stigum og 3 stoðsendingum á 22 mínútum að þar fer framtíðarhetja íslenska liðsins.

Margir sáu Hauk Helga Pálsson taka við af Jóni Arnóri Stefánssyni en hann spilaði meiddur í þessum tveimur leikjum og var að spila alltof mikið þegar það var löngu ljóst að hann var ekki í leikhæfu ástandi.

Reynsluboltarnir Hlynur Bæringsson og Jakob Sigurðarson hjálpuðu liðinu mikið og eru ómetanlegur styrkur fyrir unga leikmenn liðsins.

Það er jákvætt að ungir leikmenn fengu tækifærið í þessum leikjum en það er líka áhyggjuefni þegar þjálfarinn treystir þeim ekki á úrslitastundu.

Búlgarar þökku honum örugglega fyrir það að geyma Tryggva Snæ Hlinason löngum stundum á bekknum í síðari hálfleik.



Tryggvi Snær Hlinason sækir að körfu Búlgara í Höllinni á mánudagskvöldið. Hann hitti úr öllum skotum sínum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Hversu mikil framtíð er í því?

Það er spurning hversu mikil framtíð er í þjálfara sem vill ekki nota framtíðarlykilmann liðsins eða í það minnsta er alltof oft upptekinn við að finna ástæður til að spila ekki Tryggva frekar en öfugt. Liðið er nú búið að falla á nokkrum mikilvægum prófum í röð og tapleikirnir eru nú orðnir tíu í röð.

Eitt stórt vandamál er þó meðferð hans á miðherjanum Tryggva Snæ Hlinasyni. Leikmanni sem hann þarf að laga leik liðsins að en ekki öfugt. Craig og aðstoðarmenn hans skrifuðu mínútuleysi Tryggva á hans eigin frammistöðu. Þeir voru samt með meiddan mann í algjöru tjóni inn á á sama tíma.

**»» Martin Hermannsson skoraði 28 stigum meira en næststigahæsti leikmaður Íslands í fyrstu tveimur leikjum undankeppni HM.**

### Óslípaður demantur

Craig er með óslípaðan demant í höndunum. Leikmann sem flestir landsliðsþjálfarar Íslands á síðustu árum hefðu gefið mikið til að hafa. Leikmann sem er betri í hvert skipti sem þú sérð hann spila. Hversu ugljósara getur þetta verið?

Tryggvi spilaði líka alltof lítið á EM síðasta haust og nú er bara komin upp sú staða að liðið þarf að laga sinn leik að honum en ekki öfugt.

Tryggvi er frábær sendingamaður sem hefur allt til alls til að fá mínútur og fá boltann oft í sókninni. Hann gerir sín mistök í vörninni en það gera nú fleiri.

### Á alltaf að vera aðalmaðurinn

Ekki var álagið að plaga strákinn enda var hann ekki með í fyrri leiknum. Ekkert nema villuvandræði áttu að halda honum á bekknum en þjálfarinn frystir hann og gagnrýnir hann fyrir að Búlgarar hafi átt of auðvelt með að skora á hann.

Martin er maðurinn, Tryggvi á að vera maðurinn og ungir frískir leikmenn eins og Kristófer Acox og Kári Jónsson verða í lykilhlutverkum næsta áratuginn. Það er því hægt að horfa jákvætt fram á veginn en við tryggjum ekki eftir á. Þjálfarinn þarf að setja Tryggva í fyrsta sætið og það strax. Hann er með framtíð íslenska landsliðsins í höndunum.

ooj@frettabladid.is

## Premier League
## Enska úrvalsdeildin

**Leicester - Tottenham 2-1**
1-0 Jamie Vardy (13.), 2-0 Riyad Mahrez (45+1.), 2-1 Harry Kane (79.).

**Brighton - Crystal Palace 0-0**

**Watford - Man. Utd. 2-4**
0-1 Ashley Young (19.), 0-2 Young (25.), 0-3 Anthony Martial (32.), 1-3 Troy Deeney, víti (77.), 2-3 Abdoulaye Doucouré (84.), 2-4 Jesse Lingard (86.).

**West Brom - Newcastle 2-2**
1-0 Hal Robson-Kanu (45+1.), 2-0 Sam Field (56.), 2-1 Ciaran Clark (59.), 2-2 Jonny Evans, sjálfsmark (83.).

**Vináttulandsleikur kvenna**

**Slóvakía - Ísland 25-27**
**Mörk Íslands**: Helena Rut Örvarsdóttir 7, Perla Ruth Albertsdóttir 7, Ester Óskarsdóttir 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 2, Thea Imani Sturludóttir 2, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 1, Birna Berg Haraldsdóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 1.

ANNAR SIGURINN Í RÖÐ
Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann Slóvakíu í gær, 25-27, í annað sinn á jafn mörgum dögum. Helena Rut Örvarsdóttir og Perla Ruth Albertsdóttir skoruðu sjö mörk hvor fyrir Ísland sem hafði ekki unnið leik í tæpt ár fyrir leikina tvo í Slóvakíu. Leikurinn í gær var jafn lengst af en staðan í hálfleik var 10-10. Þegar fimm mínútur voru eftir var staðan enn jöfn, 23-23. Ísland var svo sterkara á lokasprettinum, skoraði fjögur af síðustu sex mörkum leiksins og tryggði sér sigurinn, 25-27.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | FH - Fram | Sport 3 |
| 19.15 | Skallagrímur - Valur | Sport 4 |
| 19.50 | Everton - West ham | Sport 2 |
| 19.50 | Stoke - Liverpool | Sport |

**Olís-deild karla**
19.30 FH - Fram



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. nóvember 2017 | 44. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Slæm meðferð fjármuna bitnar á samfélaginu öllu

**Bankarnir þurfa að skila um 170 milljörðum á ári í tekjur til að standir undir samanlögðum rekstrarkostnaði og eðlilegri arðsemiskröfu. Fyrrverandi forstjóri Kviku segir fjármálakerfið „of dýrt, offjármagnað og of einsleitt“. Ríkið eigi að endurskipuleggja og sundurgreina viðskiptalíkan ríkisbankanna.** » 6, 7

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

## Fjármagnstekjuskattur hækkaður í 22 prósent

Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga verður hækkaður úr 20 í 22 prósent. Heimilað að draga fjármagnskostnað frá skattstofni. VG vildi hækka skattinn í 30 prósent.

»4

## Keyptu lóð undir heilsulind á Kársnesi

Eyþór Guðjónsson og Jakob Sigurðsson ætla að opna baðstað og veitingahús við strandlengju Kársness. Verkefni sem mun velta milljörðum og hönnunarvinnan hefst í Bandaríkjunum eftir tvær vikur.

»10

## Tvístígandi Seðlabanki

„Í fráviksdæmi þar sem gert er ráð fyrir að staðið sé við „lágmarksloforð“ úr kosningabaráttunni er bent á að líklega þurfi að hækka vexti um 0,5% í upphafi næsta árs. Harla ólíklegt er að ný stjórn setji ekki smá kosningasvip á ný fjárlög,“ segir í aðsendri grein sjóðstjóra hjá Júpiter.


SAINT LAURENT
PARIS
GUCCI
BOTTEGA VENETA
TOM FORD

Þar sem úrvalið er af gleraugum

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Icelandair kaupir af Statoil

Icelandair hefur samið við norska olíufélagið Statoil um milliliðalaus kaup á flugvélaeldsneyti fyrir flota fyrirtækisins. Samningurinn er til eins árs og mun taka gildi um næstu áramót eða þegar samkomulag flugfélagsins um kaup á eldsneyti af Skeljungi rennur út.

Samkvæmt upplýsingum frá Icelandair var þar ráðist í verðkönnun og mun Olís sinna ráðgjafarhlutverki við innflutning og dreifingu eldsneytisins. Samningurinn við Skeljung var til eins árs eins og samkomulag olíufélagsins við WOW air sem rennur einnig út um áramótin.



**Björgólfur Jóhannsson er forstjóri Icelandair.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins að fyrirtækið hafi farið með sín eldsneytiskaup í útboð. Ekki sé búið að ganga frá samningum en viðræður standi yfir við tvö fyrirtæki. Nýr samningur muni gilda í eitt ár. Samkvæmt heimildum blaðsins er N1 annað þeirra fyrirtækja sem flugfélagið á í viðræðum við. – **hg**

# Húsgagnasala skilar 77 milljóna hagnaði

Húsgagnahöllin hagnaðist um 77 milljónir króna á síðasta rekstrarári fyrirtækisins eða frá marsbyrjun 2016 til febrúarloka í ár. Afkoman var jákvæð um 53 milljónir árið áður.

Samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins námu rekstrartekjur 1.333 milljónum króna samanborið við 1.405 milljónir tólf mánuðina þar á undan. Launagreiðslur stóðu nánast í stað og námu 165 milljónum og annar rekstrarkostnaður 327 milljónum. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 113,9 milljónum samanborið við 91,6 milljónir frá mars 2015 til febrúar 2016. – **hg**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Njóttu þess að fara í sund / sjósund
Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum


Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.
Dreifing:
Ýmus ehf. - Sími 5331700
Dalbrekku 2, 200 Kópavogur
ymus@ymus.is - www.ymus.is



Segðu bless við sköfuna og hitaðu bílinn með Webasto bílahitara
BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
Webasto
Feel the Drive
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



**Fjármagnstekjuskattur leggst meðal annars á söluhagnað einstaklinga af verðbréfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fjármagnstekjuskattur verður hækkaður í 22%

**Samkvæmt stjórnarsáttmálanum verður fjármagnstekjuskattur á einstaklinga hækkaður úr 20 í 22 prósent. Á móti verður heimilað að draga fjármagnskostnað frá skattstofni. Fyrstu tillögur VG lutu að því að hækka skattinn í 30 prósent.**

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknar hyggst hækka fjármagnstekjuskatt á einstaklinga úr 20 prósentum í 22 prósent, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í stjórnarsáttmála verðandi ríkisstjórnar sem verður kynntur þegar stjórnin tekur við á ríkisráðsfundi á morgun, fimmtudag.

Samtímis því að fjármagnstekjuskatturinn er hækkaður verða hins vegar einnig gerðar þær breytingar frá því sem nú er að heimilað verður í meiri mæli að draga fjármagnskostnað frá skattstofni fjármagnstekna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Á þessu ári er áætlað að tekjur ríkissjóðs vegna fjármagnstekjuskatts nemi 30,5 milljörðum en samkvæmt fjárlögum næsta árs á skatturinn að skila um 28,5 milljörðum til ríkisins. Hækkun fjármagnstekjuskattsins – úr 20 prósentum í 22 prósent – mun því í besta falli auka tekjur ríkissjóðs um 2 til 3 milljarða króna en þessi skattstofn getur verið afar breytilegur á milli ára.

Fulltrúar Vinstri grænna lögðu á það mikla áherslu í stjórnarmyndunarviðræðunum við Sjálfstæðisflokk og Framsókn að skatturinn yrði hækkaður. Fyrstu hugmyndir Katrínar Jakobsdóttur, formanns flokksins, lutu að því að skattur á fjármagnstekjur yrði hækkaður upp í 30 prósent, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þær tillögur fengu afar lítinn hljómgrunn hjá leiðtogum hinna flokkanna, ekki hvað síst Sjálfstæðisflokksins, og jafnframt forsvarsmönnum Samtaka atvinnulífsins. Þá voru einnig uppi hugmyndir í viðræðum flokkanna um að koma á þrepaskiptum fjármagnstekjuskatti.

**30,5**

**milljörðum króna er áætlað að fjármagnstekjuskatturinn skili í tekjur til ríkissjóðs á þessu ári.**

Fjármagnstekjuskattur leggst á allar fjármagnstekjur einstaklinga sem teljast til vaxtatekna, arðs, söluhagnaðar fasteigna og verðbréfa og leigutekna utan rekstrar. Ekki er hins vegar greiddur fjármagnstekjuskattur af heildarvaxtatekjum einstaklinga að fjárhæð 125 þúsund, þótt dregin hafi verið staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjunum. Þá er að sama skapi ekki greiddur fjármagnstekjuskattur af 50 prósentum af tekjum af útleigu íbúðarhúnæðis.

### Hækkaður eftir bankahrun

Af verðandi stjórnarflokkunum þremur voru Vinstri græn eini flokkurinn sem talaði fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts í aðdraganda kosninga til Alþingis. Sjálfstæðisflokkurinn vildi hins vegar lækka skattinn og jafnframt skattleggja raunávöxtun fjármagnstekna í stað nafnávöxtunar. Framsóknarflokkurinn talaði hvorki fyrir hækkun né lækkun fjármagnstekjuskatts fyrir kosningarnar.

Fjármagnstekjuskattur var lengst af, eða allt frá árinu 1996, aðeins tíu prósent en í kjölfar fjármála- og efnahagshrunsins 2008 var skattstofninn hækkaður í tvígang af ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. Þannig var skatturinn fyrst hækkaður í 18 prósent árið 2010, samhliða því að auðlegðarskattur var einnig lagður á, og aftur ári síðar þegar fjármagnstekjuskatturinn fór upp í 20 prósent. **hordur@frettabladid.is**

# Tapaði 199 milljónum rétt fyrir lokun

Hestagarðurinn Fákasel í Ölfusi tapaði 199 milljónum króna í fyrra en honum var lokað í febrúar síðastliðnum. Tapreksturinn frá opnun í janúar 2014 nam þá mörg hundruð milljónum króna og félagið fékk heimild til nauðasamninga.

Samkvæmt nýjum ársreikningi Fákasels var frumvarp að nauðasamningi samþykkt 3. maí. Félagið greiddi 30 prósent af höfuðstól og gerði upp við alla sem höfðu lagt fram kröfu fyrir 23. júní.

„Nokkuð hefur komið fram af kröfum frá aðilum sem ekki gerðu kröfur við nauðasamninga. Þær kröfur hafa verið mótteknar og greiddar, hafi þær reynst réttmætar. Þá var talsvert af launakröfum útistandandi, sem nauðsynlegt var að fara yfir og gera upp,“ segir í ársreikningnum.

Jörðin Ingólfshvoll var í kjölfarið sett í söluмeðferð og samkvæmt ársreikningnum hafa viðræður átt sér stað við áhugasama kaupendur, án þess að þær hafi enn leitt til niðurstöðu. Jörðin er því enn til sölu.



**Fákasel stóð fyrir daglegum hestasýningum í tæp þrjú ár.** MYND/FÁKASEL

Tekjur Fákasels í fyrra námu 144 milljónum samanborið við 97 milljónir árið á undan. Heildarskuldir námu 449 milljónum króna. Fagfjárfestasjóðurinn Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF 1) á um 90 prósenta hlut í Fákaseli. Sjóðurinn er í eigu Icelandair Group, Landsbankans og sjö lífeyrissjóða. Snæból, fjárfestingarfélag hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, var næststærsti eigandinn í árslok 2016 með 5,7 prósent. – **hg**

# EINRÓMA LOF

*Virkilega vel skrifuð saga og grípandi.*
*Einlæglega miskunnarlaus*
*en samt svo full af hlýju.*
*Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið*
*sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

*Efni syndafallsins er mergjað*
*og mannlýsingarnar með.*
*Bók sem heldur lesandanum*
*við efnið frá upphafi til enda.*
**Steinunn Sigurðardóttir**

*Það sem er svo heillandi við frásögnina*
*er hvað hún er hreinskilin og heiðarleg.*
**Marta María Jónasdóttir**

*Stórkostlega skrifuð bók.*
**Sigmundur Ernir Rúnarsson**

*Bókin er svo góð … maður eiginlega*
*bara klappar fyrir höfundinum.*
**Kolbrún Bergþórsdóttir**
**Kiljan Rúv**

★★★★½
*Sagan sem Mikael*
*er að segja okkur*
*er mikilvæg og hana*
*ættu allir að lesa.*
**Hildigunnur Þráinsdóttir**
**Morgunblaðið**

★★★★★
*Mikael er einlægur, opinn og kemur*
*hreint fram í þessari fantagóðu bók!*
*Hann fékk mig til að gráta, hlægja,*
*reiðast og stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**
**Kollster's review**

*Þetta er stórkostleg bók.*
**Frosti Logason**
**Harmageddon**

*Syndafallið er áleitin saga föður höfundar,*
*falleg og nærgöngul þannig að lesandinn*
*sogast inn í skrautlega en elskulega*
*fjölskyldusögu sem lætur engan ósnortinn.*
*Saga um að skilja og elska fjölbreytileikann.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Saga um dauða full af lífskrafti,*
*ást og mögnuðum mannlýsingum.*
*Stundum er lífið mesti skáldskapurinn*
*og þessi saga er vitnisburður um það.*
**Auður Jónsdóttir**

*Frásögnin smýgur gegnum merg og bein.*
*Hún er ógnandi og fögur í senn.*
**Vigdís Grímsdóttir**

*Með því besta og fallegasta*
*sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**




Sögur ÚTGÁFA

# Keyptu lóð undir heilsulind á Kársnesi

**Eyþór Guðjónsson og Jakob Sigurðsson ætla að opna baðstað og veitingahús við strandlengju Kársness. Verkefni sem mun velta milljörðum og hönnunarvinnan hefst í Bandaríkjunum eftir tvær vikur. Stefnt er að opnun 2020 en hugmyndin er nú þegar tíu ára gömul.**

Ætlunin er að búa til heilsuparadís fyrir alla höfuðborgarbúa," segir Eyþór Guðjónsson, eigandi Skemmtigarðsins í Grafarvogi, sem hefur ásamt Jakobi Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Promens og VÍS, áform um baðstað, veitingahús, líkamsræktarstöð og aðra útivistartengda afþreyingu á 34 þúsund fermetra lóð vestast á athafnasvæði Kársness í Kópavogi.

„Til lengri tíma mun verkefnið velta milljörðum en hins vegar ætlum við að taka eitt skref í einu og byggja upp af skynsemi og byrja á heilsulindinni, veitingastað, kaffihúsi, líkamsrækt og jógaaðstöðu og aðstöðu fyrir hjóla-, göngu- og aðra útivist," segir Eyþór aðspurður um heildarkostnað og bætir við að stefnt sé að opnun 2020.


Eyþór Guðjónsson er framkvæmdastjóri Nature Resort sem hefur keypt lóðir á Kársnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einkahlutafélag Eyþórs og Jakobs, Nature Resort, keypti í ársbyrjun lóðirnar Vesturvör 42-48 af Kópavogsbæ. Þá kemur Gestur Þórisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Promens, einnig að verkefninu en hann og Jakob eru gamlir samstarfsmenn hjá plastframleiðslufyrirtækinu þar sem sá síðarnefndi var forstjóri á árunum 2011 til 2015. Í fundargerðum bæjarfélagsins hefur verið rætt um heilsulindarhótel en Eyþór segir ekki ákveðið hvort farið verði í slíka framkvæmd.


**Jakob Sigurðsson er í dag forstjóri breska félagsins Victrex plc.**

„Við vorum að leita að lóð fyrir þetta og meðal annars í Gufunesi. Það gekk ekki eftir á þeim tíma en ætlunin er að búa til náttúruparadís fyrir alla höfuðborgarbúa og við höfum ekki ákveðið hvort við munum byggja hótel eða ekki. Við ætlum að byrja á heilsuparadís og sjá hvernig hún fer af stað áður en við tökum næstu skref. Hin eiginlega hönnun hefur ekki átt sér stað en hún byrjar eftir tvær vikur. Það er fyrst núna sem við getum ráðist í hana en það er bandarískt hönnunarfyrirtæki sem hefur sérhæft sig í verkefnum sem þessum sem kemur að hönnuninni og við erum á leiðinni út í byrjun desember," segir Eyþór.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti síðastliðinn fimmtudag tillögu um breytingu á deiliskipulagi landfyllingarinnar á Kársnesi. Eyþór segir þá félaga hafa horft til svæðisins í um tvö og hálft ár en hugmyndin um heilsulindina sé tíu ára gömul.

„Á svona svæðum er alltaf verið að setja niður íbúðir og atvinnuhúsnæði en loksins kemur eitthvað sem gerir hverfið betra til að búa í. Fyrst átti að vera þarna stórskipahöfn og síðan skipasmíðastöð og það datt upp fyrir, en nú á að búa til paradís útivistar og heilsu," segir Eyþór og svarar aðspurður að engir aðrir fjárfestar séu komnir að borðinu enn sem komið er.

„Við munum fá fjárfesta inn í þetta þegar rétti tíminn kemur og það er mikil spenna fyrir þessu. Þegar svæðið verður tilbúið verður það jafn mikil bæjarprýði og endurgerð hafnarinnar á Siglufirði sem er glæsileg í dag," segir Eyþór og vísar til uppbyggingar Róberts Guðfinnssonar athafnamanns á Siglufirði.

Eyþór segir engin tengsl á milli fyrirhugaðrar uppbyggingar Nature Resort og áætlana Skúla Mogensen, forstjóra WOW air, um byggingu höfuðstöðva flugfélagsins og hótels á lóðinni við hliðina. Fréttablaðið fjallaði á mánudag um óánægju tveggja bæjarfulltrúa minnihlutans í Kópavogi varðandi áformin um deiliskipulagsbreytinguna. Gagnrýndu þeir að aðgengi almennings að strandlengju Kársness verði skert á 155 metra leið þar sem baðlaugarnar verða.

„Þegar salan á lóðinni fór í gegnum bæjarstjórn greiddu allir flokkar atkvæði með henni. Við erum að fara að búa til baðstað og erum bundin af sundlaugareglugerð. Þannig að við verðum að gera þetta samkvæmt lögum en þarna verður allt opið og allir geta fengið þarna margs konar þjónustu," segir Eyþór.

haraldur@frettabladid.is


Atvinnuhúsnæði til sölu við höfnina í Þorlákshöfn.









**Viðskiptahúsið fasteignamiðlun ehf. kynnir í einkasölu fasteignina Hafnarskeið 6 í Þorlákshöfn.**

Um er að ræða atvinnuhúsnæði sem nýtt hefur verið undir rekstur fiskvinnslu. Birt stærð er 2.724,9 m² og birt stærð lóðar er 13.881,8 m². Lóðin liggur að sjó og er öll malbikuð eða steinsteypt.

Góð staðsetning eignarinnar við höfnina í Þorlákshöfn býður upp á ýmsa notkunarmöguleika fyrir hafsækna starfsemi.

**Nánari upplýsingar veitir Vala Hauksdóttir löggiltur fyrirtækja – fasteigna – og skipasali í síma 6906590/ vala@vidskiptahusid.is**

VIÐSKIPTAHÚSIÐ
FASTEIGNAMIÐLUN EHF

Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi | Sími 566 8800 | vidskiptahusid.is

# JÓLAGJAFIR FYRIR ÚTIVISTARFÓLK

GRUB'S · VICTORINOX SWISS ARMY · COAST LIGHTS • KNIVES • MULTI-TOOLS LÍFSTÍÐAR ÁBYRGÐ · ORTLIEB WATERPROOF

LED lyklakippuljós
kr. 990,-

Fjölnotatól m/LED ljósi
kr. 7.900,-

Fjölnotatól m/ hníf og 2x LED ljósum
kr. 8.900,-

Ghost II
kr. 3.400,-

Tactical Liner
kr. 3.400,-

DX190 Dúkahnífur
kr. 5.700,-

HL3 LED höfuðljós
kr. 4.700,-

HL5 LED höfuðljós
kr. 5.600,-

HL27 LED höfuðljós
kr. 9.900,-

HL8 LED höfuðljós
kr. 16.900,-

FL30 LED höfuðljós
kr. 7.900,-

HP7 LED vasaljós
kr. 11.900,-

Escort
kr. 2.200,-

Classic m/ísl. fána
kr. 4.300,-

Trawler
kr. 3.200,-

Bantam
kr. 2.900,-

Waiter m/ísl. fána
kr. 4.400,-

Tourist
kr. 4.500,-

Vatnsheld Ipadhlíf
kr. 12.990,-

Spartan Camo
kr. 5.500,-

Sentinel
kr. 5.900,-

Camper
kr. 5.500,-

Climber
kr. 6.900,-

Fisherman
kr. 8.500,-

Rescue Tool
kr. 19.800,-

Vatnsheld símahlíf
kr. 5.900,-

Back Roller City Hjólatöskur
kr. 15.900,-

Back Roller Classic Hjólatöskur
kr. 20.900,-

Back Roller Urban Hjólataska
kr. 12.500,-

Ultimate 6 Stýristaska
kr. 14.600,-

Messenger Bakpoki
kr. 20.900,-

Velocity Bakpoki
kr. 18.900,-

Rack Pack 31 lítra Ferðataska
kr. 13.700,-

Margar gerðir og stærðir af sjópokum
frá kr. 2.600 til 12.900,-

Hip Pack 3 lítra Mittistaska
kr. 16.900,-

Sjúkrapoki 3
kr. 10.900,-

Supersport 8.5 kuldastígvél
kr. 21.900,-

Supersport 12.5 kuldastígvél
kr. 23.900,-

Puddle barnastígvél
kr. 6.900,-

FJALLI.IS

**Bæjarlind 6, 201 Kópavogur - s.578-5050**

**Meira vöruúrval og ýtarlegri upplýsingar á www.fjalli.is**

# Þurfa að skila 170 milljörðum í tekjur á ári

**Samanlagður rekstrarkostnaður og eðlileg arðsemiskrafa eigin fjár í fjármálakerfinu nemur um sjö prósentum af landsframleiðslu. Fyrrverandi forstjóri Kviku segir kerfið „of dýrt, offjármagnað og of einsleitt“. Ríkið eigi að endurskipuleggja og sundurgreina viðskiptalíkan ríkisbankanna. Hann telur margt geta farið úrskeiðis ef ríkið reynir að eignast Arion banka.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Árlegur rekstrarkostnaður stóru viðskiptabankanna og Íbúðalánasjóðs (ÍLS) nemur samanlagt um 90 milljörðum en auk arðsemiskröfu eigin fjár upp á 12,5 prósent, sem er sambærilegt því sem þekkist hjá stöndugum bönkum í Skandinavíu, þurfa íslensku bankarnir því að skila rúmlega 170 milljörðum í hreinar tekjur á ári. Það jafngildir um sjö prósentum af landsframleiðslu Íslands á þessu ári.

Sigurður Atli Jónsson, stjórnarformaður ILTA Investments og fyrrverandi forstjóri Kviku banka, segir í viðtali við Markaðinn að þessi staða sýni að fjármálakerfið í dag sé „of dýrt, offjármagnað og of einsleitt. Það er of mikið að svo stór hluti af landsframleiðslunni fari á hverju ári í að búa til rekstrargrundvöll fyrir þrjá viðskiptabanka sem nær eingöngu sinna innlendri starfsemi.“ Þessari óhagkvæmni í rekstri og fjármögnun bankanna, sem eru allir með mikið umfram eigið fé, sé velt yfir á viðskiptavini þeirra og kostnaðurinn lendi því með öðrum orðum á samfélaginu öllu.

Sigurður Atli, sem stýrði Kviku og MP banka á árunum 2011 til 2017, er þeirrar skoðunar að ríkið eigi að einskorða hlutverk sitt í fjármálakerfinu við það að leggja áherslu á ákveðna grunnfjármálaþjónustu eins og aðgengi að greiðslumiðlun og grunnfjármögnun fyrir atvinnulífið og heimilin. „Ég tel fjölhæfinguna í dag vera of mikla og sérhæfinguna og sérstöðuna of litla,“ segir hann. Með því að gera hvern banka sérhæfðari myndi það meðal annars skila sér í því að þeir yrðu áhugaverðari fjárfestingarkostur þar sem meiri sérhæfing og samvinna fyrirtækja gerir þau verðmætari og seljanlegri. „Sérhæfðir bankar eru því ákjósanlegri þegar kemur að sölu á eignarhlutum ríkisins.“

**Slæm meðferð fjármuna**

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Framsóknarflokks, sem verður kynntur á morgun samhliða því að stjórnin tekur við á ríkisráðsfundi, er lögð áhersla á að stjórnvöld skoði leiðir til að endurskipuleggja fjármálakerfið, samkvæmt heimildum Markaðarins. Skipa eigi þannig nefnd sem á að vinna svonefnda hvítbók um heildarendurskoðun á fjármálakerfinu á kjörtímabilinu.

Samkvæmt nýlegu mati Bankasýslunnar, sem heldur utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, er umfram eigið fé stóru bankanna – mismunur á eigin fé þeirra og þeim eiginfjárkröfum sem Fjármálaeftirlitið hefur sett þeim – samtals um 183 milljarðar. Hlutur ríkissjóðs í þessu umfram eigin fé viðskiptabankanna, en ríkið á Landsbankann og Íslandsbanka að fullu og 13 prósenta hlut í Arion banka, getur samkvæmt mati Bankasýslunnar því numið um 120 milljörðum. Í útreikningum stofnunarinnar er tekið tillit til mögulegrar útgáfu víkjandi skuldabréfa, sem gæti aukið arðgreiðslugetu bankanna talsvert á næstu árum.

Eigið fé bankanna þriggja nam um mitt þetta ár 637 milljörðum og þá var eigið fé Íbúðalánasjóðs um 24 milljarðar. Eigið fé ríkisins í bönkunum og Íbúðalánasjóði, reiknað út frá eignarhluta þess í viðkomandi fyrirtækjum, er því samtals um 466 milljarðar. Sigurður Atli bendir á að hið mikla umfram eigið fé sem er í fjármálakerfinu myndi duga – og gott betur en það – til að reka annaðhvort Arion banka eða Íslandsbanka miðað við núverandi eiginfjárkröfur FME. „Þetta getur ekki talist vera góð meðferð fjármuna,“ útskýrir hann, enda sé „verið að starfrækja í raun þrjá banka með eigin fé sem dugar fyrir fjóra banka“.

**Ríkið þarf að hafa frumkvæði**

Í aðdraganda nýafstaðinna kosninga lögðu nánast allir stjórnmálaflokkar til að eigið fé viðskiptabankanna yrði minnkað um tugi til hundrað milljarða á komandi árum, áður en þeir yrðu seldir, og söluandvirðið nýtt til þess að greiða niður skuldir og fjármagna uppbyggingu innviða. Þá hafa sumir stjórnmálaflokkar, einkum og sér í lagi Framsóknarflokkurinn og Miðflokkurinn, talað fyrir því að ráðist verði í endurskipulagningu á fjármálakerfinu. Nokkuð óljóst hefur verið í máli forsvarsmanna þessara flokka hvað nákvæmlega þar er átt við – annað en yfirlýsingar um að fjármálakerfið eigi að þjóna heimilunum og fyrirtækjum en ekki öfugt – en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, hefur hins vegar verið skýr um að hann vilji að ríkið taki Arion banka yfir með því að nýta sér mögulegan forkaupsrétt að bankanum.

Sá forkaupsréttur er samt ekki valkvæður af hálfu ríkisins en hann getur aðeins virkjast ef eignarhaldsfélagið Kaupþing, sem á núna rúmlega 57 prósenta hlut í Arion banka, hyggst selja hlut í bankanum á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé bankans. Þegar tæplega 30 prósenta hlutur í bankanum var seldur til erlendra vogunarsjóða og Goldman Sachs fyrr á árinu fyrir um 49 milljarða var sölugengið um 0,81 miðað við árshlutareikning Arion banka í lok september 2016. Ef hins vegar horft hefði verið til síðasta endurskoðaða ársreiknings bankans í árslok 2015, eins og hefði strangt til tekið átt að gera samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings samþykktu í aðdraganda nauðasamninga, þá hefði gengið verið um 0,87 miðað við bókfært eigið fé.

Sigurður Atli segir að óháð því hvort ríkið eignist Arion banka eða ekki þurfi stjórnvöld eftir sem áður að hafa frumkvæði að því að gera nauðsynlegar breytingar á fjármálakerfinu. „Mikið og gott starf hefur verið unnið við endurreisn og endurskipulagningu í samfélaginu í kjölfar fjármála- og efnahagshrunsins 2008. Fjármálakerfið, og þá ekki síst endurreistu bankarnir, hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þeim efnum. Það verk hefur tekist afar vel. Því er nú í öllum aðalatriðum lokið og tímabært að meta stöðuna með tilliti til framtíðar.“

**Yrðu betri söluvara**

Sigurður Atli rifjar upp það mat Samkeppniseftirlitsins að bankamarkaðurinn sé fákeppnismarkaður og að viðskiptabankarnir séu taldir vera í markaðsráðandi stöðu. „Stóru bankarnir þrír,“ útskýrir hann, „eru jafnframt nánast allir eins uppbyggðir og ef eitthvað er hafa bankarnir orðið líkari á síðustu misserum og árum ef rýnt er í tekjusamsetningu þeirra. Viðskiptalíkanið er það sama, umfangið er svipað, ásýndin er keimlík og starfsemin í nánast öllum aðalatriðum eins. Áhugi á að fjárfesta í hlutabréfum bankanna á verði sem endurspeglar að minnsta kosti eigin fé þeirra virðist, meðal annars af þessum sökum, minni en vonast hafði verið til.“

Að mati Sigurðar Atla er stórt tækifæri um þessar mundir til að gera breytingar sem geta skilað sér í hagkvæmara og fjölbreyttara fjármálakerfi sem skili samfélaginu meiri ávinningi en núverandi fyrirkomulag. Í fyrsta lagi þurfi, eins og allir stjórnmálaflokkar virðast nú vera sammála um, að greina ítarlega núverandi hagkvæmni efnahags og rekstrar bankanna sem eru í eigu ríkissjóðs með það fyrir augum að unnt sé að minnka eiginfjárbindingu þeirra og lækka rekstrarkostnað. Þannig ætti meðal annars að breyta samsetningu eiginfjárþátta bankanna þannig að þeir verði í einhverjum mæli fjármagnaðir með víkjandi lánum. Útgáfa Íslandsbanka fyrr í þessum mánuði, þar sem bankinn gaf út slíkt skuldabréf fyrir jafnvirði um 9 milljarða króna, sýni að það er eftirspurn eftir þess konar skuldabréfaútgáfum íslenskra banka.

Í öðru lagi eigi stjórnvöld að hefja undirbúning að því að stokka upp og sundurgreina viðskiptalíkan Landsbankans og Íslandsbanka. Slíkar aðgerðir, sem væru til þess fallnar að auka sérhæfingu þeirra, myndu ekki hvað síst gera bankana að betri söluvöru fyrir ríkið og auka virði þeirra.

„Annar bankinn, til dæmis Landsbankinn, ætti þannig að sinna eingöngu viðskiptabankastarfsemi og leggja áherslu á greiðslumiðlun og grundvallarfjármögnun fyrir heimilin og atvinnulífið. Áhersla verði á lækkun rekstrarkostnaðar bankans og einfalt vöruframboð sem falli að þörfum fyrirtækja og heimila. Hinn ríkisbankinn, sem væri þá Íslandsbanki, yrði hins vegar í auknum mæli fyrirtækjabanki sem sinni þörfum meðalstórra og stórra fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Áhersla verði þar lögð á samstarf og mögulega eignarhald með alþjóðlegum fjármálafyrirtækjum. Flókin og áhættusöm fjármálastarfsemi og rekstur sem ekki fellur undir starfssvið þessara banka verði aðskilin og seld eða fengnir samstarfsaðilar að henni,“ segir Sigurður Atli.

**Ríkið ber mikla ábyrgð**

Eins og sakir standa er stefnt að útboði og skráningu Arion

## Meiri áhætta við framkvæmdina en kaupin

Fjárhagslegir hagsmunir íslenska ríkisins af Arion banka eru mun meiri en sem nemur 13 prósenta eignarhlut þess. Í gildi er afkomuskiptasamningur við Kaupþing sem hefur það í för með sér að verulegur hluti af söluandvirði hlutabréfa í bankanum rennur til ríkisins. Hið sama ætti við ef stjórn bankans myndi ákveða að greiða út arð til hluthafa bankans.

Sigurður Atli bendir á að ef ríkið myndi falast eftir því að ganga inn í sölu á bréfum í Arion banka myndi umtalsverður hluti af kaupverðinu ganga aftur til ríkisins vegna afkomuskiptasamningsins. Þá væri jafnframt unnt að greiða út umfram eigið fé Arion banka, sem nemur í dag tæplega 50 milljörðum, og því þyrfti ríkið takmarkaða ef nokkra sérstaka fjármögnun til að kaupa bankann.

Þá mætti að auki breyta fjármagnsskipan bankans og fjármagna hann í meiri mæli með eiginfjárþætti tvö og greiða út enn frekar af eiginfjárþætti eitt, en eigið fé bankans er nú nánast einvörðungu byggt upp af eiginfjárþætti eitt. „Þetta er auðvitað allt með fyrirvara um getu Arion banka samkvæmt öðrum mælikvörðum til að borga út eigið fé. Ég sé því ekki tæknilega neina sérstaka fyrirstöðu í því að ríkið geti gengið inn í kaup á hlutabréfum í bankanum eða samið um slík kaup,“ útskýrir Sigurður Atli.

Hann segir að vilji ríkið eignast Arion banka og vera þá alfarið við stjórnvölinn sem eigandi að íslenska bankakerfinu, í því skyni að endurskipuleggja það, þá ætti það að vera mögulegt. „Það er hins vegar margt sem getur farið úrskeiðis við slíka framkvæmd. Ég tel áhættuna við framkvæmd fjárfestingar í Arion banka, sem hluta af endurskipulagningu fjármálakerfisins, miklu stærra mál heldur en tæknilegan möguleika á því að eignast bankann. Það er eins og með aðrar slíkar fjárfestingar, auðveldasti hlutinn er að kaupa en erfiðara er að ná markmiðunum með kaupunum,“ segir Sigurður Atli.

> **Sérhæfðir bankar eru því ákjósanlegri þegar kemur að sölu á eignarhlutum ríkisins.**
>
> Sigurður Atli Jónsson





Fólk
MIÐVIKUDAGUR 29. NÓVEMBER 2017
Heimili



Haukur Grönli (t.v.) varaslökkviliðsstjóri og Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu, sem opnuðu Eldvarnaátakið í ár.

# Eldvarnafulltrúar heimilanna

Næstu dagar verða annasamir hjá slökkviliðum landsins en þá heimsækja þau börn í 3. bekk í grunnskólum um allt land. Markmiðið er fyrst og fremst að fræða þau um grunnatriði eldvarna í aðdraganda aðventunnar. →2



Krakkarnir mega opna jóladagatalið á föstudag og fyrsti í aðventu er á sunnudag. Jólin nálgast óðfluga og mikið um að vera alls staðar. →4



Framhald af forsíðu ➭

Eldvarnaátak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hófst fimmtudaginn 23. nóvember og stendur fram í aðventubyrjun. Þar munu slökkviliðsmenn heimsækja börn í 3. bekk grunnskóla um allt land og fræða þau um grunnatriði eldvarna í aðdraganda aðventunnar.

Átakið var fyrst haldið fyrir um aldarfjórðungi og segir Haukur Grönli, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu, að markmið þess sé að fræða yngstu kynslóðina um eldvarnir því þannig verði hlutirnir þeim eðlislægir og eldvarnir hluti af daglegu lífi þeirra. „Eldvarnaátakið hefur vissulega þróast þessi ár með dyggum stuðningi Mannvirkjastofnunar, Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands, TM, 112, SHS og allra slökkviliða á landinu. Grunnurinn er enn sá sami, höfum eldvarnir í lagi og förum varlega með eld og rafmagnstæki.“



Nokkrir hressir liðsmenn Brunavarna Árnessýslu sem heimsækja nokkra grunnskóla á næstu dögum.

## Annasamir dagar

Næstu dagar verða því annasamir hjá slökkviliðum landsins en hvert þeirra sér um að heimækja grunnskóla á sínu svæði. „Það eru mörg þúsund börn í þriðja bekk sem munu fá heimsókn næstu daga. Við hjá Brunavörnum Árnessýslu munum t.d. hitta um 270 börn þar sem við ræðum um reykskynjara, sem eru ódýrasta og öruggasta líftrygging sem við getum keypt, slökkvitæki og eldvarnateppi. Einnig ræðum við rýmingar- og flóttaáætlun fyrir heimilin sem börnin eiga að ræða við fjölskyldumeðlimina heima fyrir og fá til þess lestrarefni frá okkur. Við leggjum einnig áherslu á að börnin kunni neyðarnúmerið, 112.

Við leysum þau svo út með gjöfum eins og vasaljósi og endurskinsborða auk þess sem við hjá Brunavörnum Árnessýslu gefum þeim einnig sundpoka. Þetta endar svo á að dregið verður úr getraun Eldvarnaátaksins og verða veitt vegleg verðlaun á 112 daginn í febrúar.“

## Vel heppnað átak

Átakið hefur gengið vel undanfarin ár, að sögn Hauks. „Það eru fáir sem taka eins vel á móti okkur og börnin. Þau eru líka mun meðvitaðri um eldvarnir í dag en áður fyrr. Flest þeirra muna líka eftir því þegar við heimsóttum þau í elstu deild leikskólanna.“

Þess vegna er líka mikilvægt að sögn Hauks að gefa sér tíma til að spjalla og hlusta á sögur barnanna. „Við hjá Brunavörnum Árnessýslu urðum þess heiðurs aðnjótandi að opna Eldvarnaátakið í ár. Það var gert í Sunnulækjarskóla á Selfossi og eiga stjórnendur skólans og nemendur heiður skilinn fyrir frábærar móttökur. Lögreglan á Suðurlandi ásamt sjúkraflutningum HSU var með okkur og fengu nemendur í þriðja bekk að spjalla við alla viðbragðsaðila sem voru á staðnum að lokinni fræðslu sem ég hélt með dyggri aðstoð frá Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Árborgar.“



Mikil spenna var í loftinu hjá nemendum Sunnulækjarskóla.

## Nemendur áhugasamir

Haukur segir nemendur vera eins og svampa og sjúga í sig fræðsluna enda standa þau sig er heim kemur í hlutverki eldvarnaeftirlitsmanna heimilanna. „Eitt lykilhlutverk okkar er að vera sýnileg í samfélaginu, þ.m.t. að sinna fræðslu í eldvörnum og forvörnum. Þessum börnum sem hafa fengið reglulega fræðslu í leik- og grunnskólum verður eðlislægt að hafa reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi og huga að eldvörnum heimilisins. Við getum bara rifjað upp þegar lög um notkun öryggisbelta í bifreiðum voru sett, það var ekki litið átak. Ég hugsa að það séu ekki mörg börn í dag sem vilja sitja í bíl á ferð án öryggisbeltis.“




Sunnulækjarskóli á Selfossi var fyrsti skólinn sem var heimsóttur í ár.

## Reykskynjarar skoðaðir

Dagur reykskynjarans er fram undan en hann er haldinn 1. desember ár hvert. „Þann dag hvetjum við landsmenn til að skipta um rafhlöðu í reykskynjurum og athuga hvort þeir séu í lagi. Við mælum með að það sé einn reykskynjari í hverju rými á heimilum fyrir utan þar sem ekki er hægt að koma því við, svo sem inni í eldhúsi eða á baði. Svo er bara að njóta tímans sem fram undan er með fjölskyldu og vinum, ljósum og skreytingum sem lýsa upp skammdegið. Þó þarf að muna að umgangast lifandi ljós og rafmagnsbúnað svo sem ljósaseríur með virðingu og varúð.“

NÝJAR SENDINGAR
AF VETRARVÖRUM
YFIRHAFNIR - DRAKTIR - KJÓLAR

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Windmill vítamínin sívinsæl á Heimkaup.is



Túrmerik og D-vítamín hafa frá upphafi verið vinsælust í flokki vítamína og fæðubótarefna.

Í netversluninni Heimkaup.is er hægt að nálgast gríðarlegt úrval af alls kyns vörum, þar á meðal vítamín og fæðubótarefni. Í þeim flokki hafa túrmerik og D-vítamín alltaf verið vinsælust.

Mörgum þykir gagnlegt að taka vítamín og fæðubótarefni, ekki síst á þessum tíma árs, þegar líkamsstarfsemin fer í alls kyns ójafnvægi vegna veðurs og mikils myrkurs. Þessi efni er hægt að fá í vefversluninni Heimkaup.is, en þar eru seld vítamín frá bandaríska framleiðandanum Windmill og þau eru á tilboði út þessa viku.

„Windmill er einn stærsti framleiðandi vítamína í Bandaríkjunum og í fararbroddi þegar kemur að nýjungum til að mæta sívaxandi kröfum neytenda sem vilja aðeins það besta,“ segir Jóhann Þórsson, markaðsstjóri Heimkaup.is. „Heimkaup.is hóf innflutning á Windmill fyrir rúmu ári og Íslendingar hafa tekið þessari vöru opnum örmum, enda þekkja margir vörumerkið frá Bandaríkjunum.

Frá Windmill koma heilsuvörur í hæsta gæðaflokki, vítamín, steinefni, fæðubótarefni og „græn“ vara. Þeir sem prófa vörurnar halda áfram að nota þær,“ segir Jóhann.

## D-vítamín og túrmerik vinsælast

Jóhann segir að frá upphafi hafi vinsælustu vörurnar verið túrmerik og D-vítamínin. „Svo er B-vítamínið alltaf vinsælt,“ segir hann. „Túrmerikið rýkur út, en hylkin innihalda nánast 100% túrmerik. Eins og flestir vita er túrmerik þekkt fyrir andoxunareiginleika sína og það stuðlar að hraustu og öflugu ónæmiskerfi. Túrmerik er reyndar ein vinsælasta varan á Heimkaup.is – en þær eru um 36.000 í heild.

Þá er D-vítamínið okkur hér á Íslandi nauðsynlegt yfir vetrartímann, þar sem flest okkar eru inni við þessa fáu klukkutíma sem sólin skín,“ segir Jóhann. „En þetta „sólarvítamín“ verður til í húðinni þegar sólin skín. D-vítamínið er í sérstakri línu frá Windmill sem kallast Sunshine.“



Jóhann segir að Cyber Monday tilboðin endist út vikuna. MYNDIR/EYÞÓR

## Cyber Monday afslættir út vikuna

Netmánudagurinn, Cyber Monday, var síðastliðinn mánudag og Jóhann segir að salan hafi verið gríðarleg. „Við buðum upp á mikið af flottum tilboðum, á allt að 80% afslætti. Salan á 24 klukkustundum var svipuð og á einum og hálfum mánuði í venjulegu árferði,“ segir Jóhann. „Við framlengjum Cyber-afsláttina út vikuna, svo þeir sem vilja nýta sér tilboðin þegar þeir fá útborgað njóti góðs af. Öll vítamín frá Windmill eru nú á 30% afslætti, svo það er um að gera að fylla á birgðirnar í skápnum.“

# Jólastemming um helgina

Jólastemmingin vaknar um helgina þegar aðventan hefst. Á föstudag verður fyrsti glugginn í jóladagatalinu opnaður og fyrsti dagur aðventu er á sunnudag. Þá ættu jólalögin einnig að heyrast.

Það má búast við að landsmenn komist í jólaskapið um helgina og örugglega margir búnir að ákveða bakstur, laufabrauðsgerð eða skreytingar. Aðventuljósin fara í gluggann á sunnudaginn og sömuleiðis verður þá kveikt á fyrsta aðventukertinu.


Það má kveikja á fyrsta aðventukertinu á sunnudag.

Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opnað á föstudag kl. 18. Eins og undanfarin fimmtán ár verður margt um að vera á Thorsplani þegar ljósin verða tendruð á jólatrénu. Að þessu sinni verður það Þórhallur Sigurðsson, Laddi, sem mun kveikja á trénu og segja um leið jólasögur frá því hann var barn í Hafnarfirði. Jólaþorpið verður opið allar helgar til jóla. Tuttugu söluhús verða skreytt og þar er boðið upp á fallegt handverk til sölu.

Skautasvellið á Ingólfstorgi verður sömuleiðis opnað á föstudag kl. 19 og verður opið daglega í desember. Í kringum svellið verður jólaþorp þar sem hægt er að fá mat og drykk.

Að öllum líkindum eru margir að fara á jólahlaðborð eða í annars konar jólaveislu um helgina. Þá munu jólalögin hljóma á útvarpsstöðvunum.


Aðventuljósin prýða glugga landsmanna frá og með sunnudeginum næsta.


Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opnað á föstudag. Venjulega er margt um manninn í jólaþorpinu og margt um að vera.


Börnin mega opna fyrsta gluggann í jóladagatalinu á föstudaginn.

banka á fyrsta fjórðungi næsta árs þar sem Kaupþing hyggst losa um stóran hlut sinn í bankanum. Áður en að því kemur er það mat Kaupþings að félagið þurfi fyrst að ná samkomulagi við nýja ríkisstjórn um endurskoðun á mögulegum forkaupsrétti ríkisins. Samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings samþykktu haustið 2015 er gert ráð fyrir því að hann sé endurskoðaður við opið hlutafjárútboð. Að öðrum kosti er enda talið að forkaupsrétturinn sem slíkur myndi valda óvissu og aftra fjárfestum frá þátttöku í útboðinu og þar með koma í veg fyrir að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram.

Sigurður Atli segir að ef sú staða kemur upp að ríkið eignist Arion banka eigi stjórnvöld að leita eftir því að sameina rekstur hans hinum bönkunum tveimur eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði, að því marki sem samkeppnissjónarmið leyfa. „Bankinn gæti jafnframt fengið aukið vægi í nýsköpunarfjármögnun en afar mikilvægt er að nægjanlegt fjármagn sé tekið frá í hagkerfinu til að stuðla að rannsóknum, þróun og nýsköpun í atvinnulífinu. Þá fjármuni sem ríkið fær til baka við lækkun eigin fjár í bönkunum mætti nýta, þó ekki sé nema að takmörkuðum hluta, til að ráðstafa í slíka nýsköpunarfjármögnun.“

Stór hluti rekstrarkostnaðar bankakerfisins eru hinir sértæku skattar sem voru lagðir á í kjölfar bankahrunsins. Í fyrra námu þeir samtals um 14 milljörðum króna og munaði þar mest um hinn sérstaka skatt á fjármálafyrirtæki sem leggst á skuldir umfram 50 milljarða. Sigurður Atli segir að rétt sé að afnema þá skatta enda hafi þeir verið hluti af fjármögnun ríkissjóðs á eftirstöðvum fjármálaáfallsins. „Því tímabili er nú lokið og skattlagningin mun eftirleiðis aðeins auka á óhagkvæmni fjármálakerfisins fyrir almenning og rýra samkeppnisstöðu þess gagnvart erlendum fjármálafyrirtækjum.“

Hann segir að núna sé fram undan mótun hins nýja fjármálakerfis þar sem íslensk stjórnvöld beri óhjákvæmilega mikla ábyrgð. „Ríkið sem eigandi að kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum hlýtur að hafa forystu um að aðskilja flókna fjármálastarfsemi frá hefðbundinni viðskiptabankastarfsemi og þannig búa til hagkvæmari og seljanlegri fjármálafyrirtæki. Þar með skapast grundvöllur fyrir því að ríkið minnki umsvif sín á fjármálamarkaði og afmarki hlutverk sitt með skýrari hætti.“

## Breskur bankamaður átti að stýra nefnd um endurskipulagningu á fjármálakerfinu

Sumarið 2016 samþykkti ráðherranefnd um efnahagsmál að skipa sérstaka þriggja manna nefnd sem hefði það hlutverk að koma með heildstæðar tillögur að endurskipulagningu á fjármálakerfinu. Frá þessu var greint í Markaðnum í febrúar síðastliðnum en samkvæmt heimildum ákvað ráðherranefndin að Bretinn Michael Ridley, fyrrverandi bankamaður hjá JP Morgan sem hafði veitt stjórnvöldum umfangsmikla ráðgjöf við fjármálaáfallið 2008, myndi stýra vinnu nefndarinnar.

Bjarna Benediktssyni, þáverandi efnahags- og fjármálaráðherra, var falið að ganga endanlega frá skipan nefndarinnar. Aldrei varð hins vegar af því að nefndin tæki til starfa. Ráðherranefnd um efnahagsmál var á þessum tíma skipuð auk Bjarna, sem gegnir nú embætti forsætisráðherra, þeim Sigurði Inga Jóhannssyni, þáverandi forsætisráðherra, Ólöfu Nordal, þáverandi innanríkisráðherra, og Lilju Dögg Alfreðsdóttur, þáverandi utanríkisráðherra.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var gert ráð fyrir því að nefndin myndi í störfum sínum meðal annars vinna tillögur að uppstokkun á bönkunum í því skyni að minnka efnahagsreikning þeirra og draga úr kerfislægri áhættu. Þá átti hún að koma með tillögur um hvort æskilegt væri að ríkið færi til framtíðar með eignarhald á bönkunum, hvort sem það væri í formi ráðandi eignarhlutar eða sem eigandi alls hlutafjár í einum banka.

## Kostar yfir sjö prósent af landsframleiðslu

| | Bankar og ÍLS | Hlutfall af landsframleiðslu |
|---|---|---|
| Árlegur rekstrarkostnaður | 90 | 3,7% |
| Ávöxtunarkrafa á eigið fé* | 83 | 3,4% |
| **SAMTALS** | **173** | **7,1%** |

*Miðað við 12,5 prósenta ávöxtunarkröfu á 660 milljarða króna eigið fé

FRAMTÍÐARLAUSN Í BÓKHALDINU
FJÁRHAGUR
BIRGÐIR
LAUNABÓKHALD
VERKBÓKHALD
VIÐSKIPTAVINIR
LÁNADROTTNAR
UNICONTA
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS
svar:)
ÞÍN STAFRÆNA FRAMTÍÐ











# Um minnihlutavernd í félögum með takmarkaða ábyrgð



**Birgir Már Björnsson**
lögmaður á LEX lögmannsstofu



Í kjölfar efnahagshrunsins átti sér stað mikil umræða á Alþingi um nauðsynlegar úrbætur í íslenskri félagaréttarlöggjöf en slíkar úrbætur voru taldar mikilvægur þáttur í að endurbyggja traust á íslensku viðskiptalífi. Meðal þess sem talið var brýnt að tryggja nánar í lögum var vernd minnihlutahluthafa og lánardrottna í tengslum við samningagerð félags við tengda aðila. Með lögum nr. 68/2010 var lögfest nýtt ákvæði 70. gr. a., í lögum um einkahlutafélög, og samsvarandi ákvæði 95. gr. a. í lögum um hlutafélög, er mælir fyrir um að samningur félags við tengdan aðila sem nemi minnst 1/10 hlutafjárins á undirritunartíma samningsins sé óskuldbindandi fyrir félag nema hann sé samþykktur af hluthafafundi. Við slíka samþykkt hluthafafundar þarf að liggja fyrir skýrsla staðfest af löggiltum endurskoðanda um að samræmi sé á milli verðmætis þeirra eigna sem ráðstafað er og þess endurgjalds sem félag fær í sinn hlut. Sé þessum skilyrðum ekki fylgt er samningur óskuldbindandi fyrir viðkomandi félag og samningsaðilum skylt að láta greiðslur ganga til baka. Markmið ákvæðisins er að tryggja að eignum félags sé ekki ráðstafað til tengds aðila án aðkomu allra hluthafa ásamt því að fullvíst sé að samningur sé gerður á viðskiptalegum grundvelli og forsvaranlegt endurgjald greitt til félagsins.

Í fimm manna dómi Hæstaréttar frá 16. mars 2017 í máli nr. 302/2016 kom hið nýja ákvæði um minnihlutavernd í 70. gr. a. í lögum nr. 138/1994 fyrst til umfjöllunar fyrir réttinum. Í málinu hafði stjórnarformaður í einkahlutafélaginu A, ráðstafað öllum eignum A til einkahlutafélagsins B sem var í eigu D sem jafnframt var einn af hluthöfum í A. Stjórnarformaðurinn hafði einnig áður en kaupsamningurinn var gerður tekið sæti í stjórn einkahlutafélagsins C sem fékk umráð allra eignanna frá B þegar í kjölfar kaupsamningsins. Öllum eignum A var þannig ráðstafað með beinum eða óbeinum hætti til hluthafa A, annarra en minnihlutahluthafans E sem var stofnandi félagsins A og átti þar tæplega 35% eignarhlut. Eftir að E fékk vitneskju um tilvist kaupsamningsins og óskaði eftir upplýsingum um undirliggjandi forsendur hans boðaði stjórnarformaður A til hluthafafundar þar sem meirihluti hluthafa A, sem stjórnarformaðurinn fór með umboð fyrir, veitti eftir á samþykki sitt fyrir kaupsamningnum án þess að fyrir lægi sú sérfræðiskýrsla sem ákvæði 70. gr. a. áskilur.

**Með dómi sínum hefur Hæstiréttur staðfest þá ríku minnihlutavernd sem Alþingi leitaðist við að tryggja með setningu laga nr. 68/2010.**

Með samhljóða dómi Hæstaréttar var staðfest niðurstaða héraðsdóms um að fella bæri þessa samþykkt hluthafafundar A úr gildi á grundvelli 70. gr. a. Hæstiréttur taldi jafnframt að þar sem skilyrði 70. gr. a. væru ekki uppfyllt, þar sem meðal annars kemur fram krafa um öflun sérfræðiskýrslu til stuðnings verðmæti eigna og endurgjalds, væri kaupsamningurinn óskuldbindandi fyrir A og greiðslur beggja aðila ættu að ganga til baka. Féllst Hæstiréttur því einnig á kröfu E um að kaupsamningurinn milli A og B yrði felldur úr gildi með dómi. Hæstiréttur tók fram í dómi sínum að um endurgreiðslur milli aðilanna færi samkvæmt 77. gr. laga nr. 138/1994. Ákvæðið felur í sér að hluthafa sem móttekur eignir í andstöðu við ákvæði laga nr. 138/1994 beri að endurgreiða það sem hann hefur tekið við með vöxtum jafnháum hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum. Jafnframt felur ákvæðið í sér að fái félagið ekki verðmæti sín afhent til baka með fullu verðgildi sínu, beri eftir atvikum þeir aðilar er ákvörðun tóku um samninginn eða framkvæmd hans, persónulega bótaábyrgð gagnvart félaginu.

Með dómi sínum hefur Hæstiréttur staðfest þá ríku minnihlutavernd sem Alþingi leitaðist við að tryggja með setningu laga nr. 68/2010. Telja verður að niðurstaða Hæstaréttar muni jafnframt geta styrkt stöðu lánardrottna og eftir atvikum skiptastjóra, en ætla má að þeir geti með sama hætti og hluthafar nýtt sér reglurnar til endurheimtu eigna sem ráðstafað hefur verið úr félögum í andstöðu við ákvæði laganna.

Af dómi Hæstaréttar leiðir að stjórn og hluthafar í félögum, sem og lánardrottnar, þurfa að gæta vandlega að því hvort samningur falli undir skilyrði 70. gr. a. laga um einkahlutafélög eða 95. gr. a. laga um hlutafélög. Reynist svo vera þarf að ganga úr skugga um það að slíkir samningar hafi verið gerðir á viðskiptalegum grundvelli og í samræmi við skilyrði ákvæðanna. Ella eru slíkir gerningar óskuldbindandi fyrir félag og kunna að leiða til persónulegrar bótaskyldu þeirra aðila sem þátt áttu í ákvarðanatöku um þá, sem og til brottfalls tryggingarréttinda.

# Síðasta aðvörun



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Það er allt lagt upp í hendurnar á okkur en samt virðast karlmenn eiga í stökustu vandræðum með jólagjafirnar ár eftir ár.

Upp komst um þessa óheppilegu hegðun okkar þegar Google hóf að veita aðgang að leitarniðurstöðum kynjanna. Frá febrúar til desember er leitarstrengurinn „gjöf fyrir eiginmanninn“ helmingi meira notaður en „gjöf fyrir eiginkonuna“. Undirbúningurinn hefst greinilega snemma þar á bæ. Í desember gerir örvænting karla þó vart við sig og nær hámarki vikuna fyrir jól þegar 60% fleiri leita að hugmyndum að jólagjöfum fyrir eiginkonuna og þrefalt fleiri karlar slá inn leitarstrenginn en í nóvember.

**Sá sem þarf uppástungur frá Google örfáum dögum fyrir jól er í áhættuhópi með að enda á að gefa frúnni Vegahandbókina og börnunum púsluspil af næstu bensínstöð.**

Sá sem þarf uppástungur frá Google örfáum dögum fyrir jól er í áhættuhópi með að enda á að gefa frúnni Vegahandbókina og börnunum púsluspil af næstu bensínstöð. Það er öllum fyrir bestu að við drífum í þessu og klárum gjafainnkaupin áður en gripið er í hið árlega „ég þarf aðeins að bregða mér út“ trikk á aðfangadagsmorgun.

Það er nóvember. Singles’ day er búinn, Svartur föstudagur liðinn og Cyber Monday var í fyrradag. Við höfum fengið fjölmörg tækifæri. Vefverslun hefur aukist gríðarlega ár frá ári og þægindin orðin slík að við þurfum ekki einu sinni að standa upp úr sófunum til að láta senda okkur pakkana, innpakkaða með korti, heim að dyrum.

Konan þín keypti jólagjöfina þína sennilega á útsölunum í janúar. Þú ert örugglega búinn að rekast á hana heima en áttaðir þig ekki á því. Það er allt í lagi að vera tímanlega. Þetta er síðasta aðvörunin.



# Næsti vaxtarmarkaðurinn



**Kjartan Örn Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Verslunargreiningar



Markaður með matvöru er að breytast hratt. Hefðbundnir smásalar eiga í hörðu verðstríði sem stuðlar að lækkandi framlegð. Tækniþróun og nýir samskiptahættir þvinga verslunarfyrirtæki til að laga viðskiptamódel sín að breyttum heimi. Ekki gengur lengur að reyna að selja öllum allt heldur vilja viðskiptavinir fá klæðskerasaumuð tilboð og frelsi til þess að versla allan sólarhringinn. Stórar matvöruverslanir fækka fermetrum en á sama tíma er aukin áhersla á betri nýtingu vöruhúsa og aukna framleiðni.

Netverslun er mest vaxandi verslun í Evrópu. Netverslun hefur hins vegar ólík áhrif á vöruflokka. Samkeppni á netinu getur verið eyðileggjandi, eins og með stafrænar vörur, truflandi eða stigvaxandi, eins og í tilfelli matvöru. Þrátt fyrir að almennt sé verslun mest með matvöru er netverslun með matvöru hlutfallslega minnst í samanburði við netverslun með aðra vöruflokka; raftæki, bækur o.s.frv. Fyrir þessu eru ólíkar ástæður: Neytandi matvöru er vanur að þurfa ekki að taka mikið af ákvörðunum, kaupir venjulega það sama og hann gerði í síðustu viku, hann þekkir og treystir búðinni sinni og verslar reglulega og oft án mikillar fyrirhafnar. Á sama tíma fylgir aukinn kostnaður netverslun fyrir smásalann sem þarf að safna saman mörgum vörum í hvert skipti fyrir hvern kúnna í þremur hitastigum (þurrvara, kælivara og frosin vara), með lága framlegð og aukinn dreifingarkostnað. Þetta hefur orðið til þess að sumir smásalar hafa orðið afhuga viðskiptamódelinu að selja matvöru á netinu og á það t.d. við um stærstu matvöruverslanirnar á Íslandi.

Því hefur verið kastað fram að eftirspurnin sé ekki til staðar en raunin er auðvitað sú að lítið framboð skilar sér í lítilli eftirspurn sem svo aftur getur réttlætt lítið framboð. Í nýlegri alþjóðlegri Nielsen netrannsókn sögðust 25% aðspurðra hafa keypt matvöru á netinu og 55% höfðu áhuga á að gera það í framtíðinni. Á síðasta ári var hlutfall netverslunar með matvöru í Bandaríkjunum 4,3% en reiknað er með að þar í landi verði hlutfall matvöru í heildarnetverslun um 12-16% árið 2023.

Almennt einkennist verslun með matvöru af lágri framlegð og hægum vexti. Á hinn bóginn vex netverslun með matvöru fimm til sex sinnum hraðar en hefðbundin verslun í heiminum. Það verður því sífellt mikilvægara fyrir smásala að fjárfesta í netverslun með matvöru bæði til þess að verja markaðshlutdeild en ekki síður til að koma í veg fyrir mögulegt tekjutap.

Viðskiptavinir munu áfram versla oftar í hefðbundnum matvöruverslunum en þeir munu hins vegar kaupa matvöru á netinu ef virðistilboðið er nægilega gott. Neytendur munu ekki vilja fórna verði, gæðum eða úrvalinu sem þeir eru vanir í skiptum fyrir óþægilegan afhendingarmáta eða afhendingartíma. Það er mikilvægt að verslanir gefi viðskiptavinum sínum ástæðu til þess að versla á netinu. Almennt gera neytendur kröfu um ályktunarhæfni og þægilegri upplifun þegar þeir kaupa matvöru á netinu. Þær fimm ástæður sem hafa mest um upplifun viðskiptavina í netverslun matvöru að segja eru tímasparnaður, einfaldleiki, sparnaður, þægindi og öryggi. Þeir sem eru líklegastir til að kaupa matvöru á netinu tilheyra Y og X kynslóðunum eða 25-34 ára annars vegar og 35-44 ára hins vegar og eru með háar ráðstöfunartekjur. Rannsóknir sýna að vörukarfa viðskiptavina er stærri þegar keypt er á netinu.

Ekki er ólíklegt að 10% af allri verslun með matvöru á Íslandi verði á netinu árið 2025 og að þessi tegund verslunar haldi áfram að vaxa um 20% á ári næstu 10 árin þar á eftir. Netverslun með matvöru verður ekki sérstaða einstaka aðila til lengdar á sama tíma og það felst lítil sérstaða í því fyrir íslenskar matvöruverslanir að bjóða ekki upp á netverslun með matvöru árið 2017.








Fyrirtæki og verslanir
Heildarlausnir í umbúðum

Pappír • borðar • pokar • bönd
skreytingarefni • teyjur • kort
pakkaskraut • sellófan

Heildsöludreifing
DANCO
HEILDVERSLUN
www.danco.is

Við Suðurbraut • 220 Hafnarfjörður • Sími 575 0200



# Skotsilfur

## Flótti frá ÍV



Á skömmum tíma hafa þrír yfirmenn hjá Íslenskum verðbréfum (ÍV) hætt þar störfum og gengið til liðs við önnur fyrirtæki eða sjóði á fjármálamarkaði. Þannig var tilkynnt um ráðningu Jóhanns Steinars Jóhannssonar sem framkvæmdastjóra Stapa lífeyrissjóða þann 1. september en hann hafði áður verið framkvæmdastjóri ÍV sjóða. Þeir **Sigurður Hreiðar Jónsson** og Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumenn markaðsviðskipta og sérhæfðra fjárfestinga, sögðu báðir einnig nýlega upp störfum hjá ÍV og fóru til annars vegar Íslenskra fjárfesta og hins vegar Stapa lífeyrissjóðs. Þá hefur það vakið furðu margra að stjórn ÍV hafi enn ekki séð ástæðu til að ráða nýjan framkvæmdastjóra eftir að Sigþóri Jónssyni var sagt upp störfum fyrir fimm mánuðum. Að sögn kunnugra kæmi ekki á óvart að fleiri lykilstarfsmenn ÍV hættu á næstunni.

## Út úr myrkrinu



Mörgum brá í brún í vikunni þegar **Ágúst Guðmundsson**, forstjóri Bakkavarar, tjáði sig opinberlega og sagði ásakanir Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, í hans garð ekki svaraverðar. Sá síðarnefndi hafði þá kallað eftir því að lífeyrissjóðirnir færu fram á opinbera rannsókn á sölu þeirra á tæplega helmingshlut í Bakkavör í ársbyrjun 2016. Tók Ágúst það fram að hann væri tilneyddur til að svara Ragnari enda matvælafyrirtækið skráð í Kauphöllinni í London. Forstjórinn hefur lítið viljað tjá sig um eftirmál fjárfestinga sinna hér á landi árin fyrir bankahrunið.

## Ákveða á nýju ári



Spurningunni um hvort álver Rio Tinto í Straumsvík verður selt eður ei verður ekki svarað á þessu ári. Þetta hefur Markaðurinn eftir heimildum og að **Rannveig Rist**, forstjóri álversins, hafi í október tekið á móti öllum þeim fyrirtækjum sem hafi áhuga á að bjóða í reksturinn. Hávær orðrómur er um að Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls á Grundartanga, sé nú að vega og meta fjárfestinguna og hvort það eigi að stoppa í gatið sem álversverkefnið misheppnaða í Helguvík skildi eftir.

# Ivanka mætt til Indlands



Ivanka Trump, dóttir og ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, var viðstödd opnunarhátíð nýsköpunarráðstefnunnar Global Entrepreneurship Summit (GES) í gær í Hyderabad á Indlandi. Þar er í ár lögð sérstök áhersla á konur og framlag þeirra til frumkvöðlastarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tvístígandi Seðlabanki




**Skúli Hrafn Harðarson og Stefán Helgi Jónsson** Höfundar eru sjóðstjórar hjá Júpiter rekstrarfélagi

Líkt og við fjölluðum um nýverið lækkaði Seðlabankinn vexti óvænt þann 4. október síðastliðinn. Sú ákvörðun var áhugaverð því peningastefnunefnd virtist hafa breytt forsendum um jafnvægisraunvexti í spálíkönum sínum. Slík grundvallarbreyting hefði útskýrt hvers vegna vextir voru lækkaðir, þvert á væntingar greiningaraðila, rétt eftir ríkisstjórnarslit sem valda mikilli pólitískri óvissu, hvort sem litið er til ríkisfjármála eða til skattkerfisbreytinga með tilheyrandi gengissveiflum. Seðlabankinn kaus að líta fram hjá þessu og líta til annarra þátta og þá sérstaklega minni hagvaxtar á árinu 2017 í ákvörðun sinni. Allir meðlimir peningastefnunefndar voru sammála um að lækka vexti á þessum tímapunkti.

Eftirvænting markaðsaðila eftir nýrri hagspá, þar sem nánar yrði farið yfir sýn Seðlabankans á komandi misseri, var því óvenju mikil. Leiða mátti að því líkur að hagvaxtarspá yrði lækkuð og/eða að framleiðslugeta þjóðarbúsins yrði hækkuð frá fyrri spám. Hafa ber í huga að breyting stýrivaxta virkar sex til tólf mánuði fram í tímann.

Það voru því ákveðin vonbrigði þegar Seðlabankinn birti nýju hagspána samhliða óbreyttum vöxtum þann 15. nóvember síðastliðinn. Sú spá gerir hvorki ráð fyrir mikilli breytingu á hagvexti né framleiðsluspennu fyrir árin 2018 og 2019 og í stórum dráttum er fátt nýtt sem þar kemur fram. Hins vegar er áhugavert að sjá hvernig kastljósið færist yfir á stjórnarslitin og hvaða áhrif kosningaloforðin gætu haft á komandi fjárlög. Farið er yfir hallarekstur ríkisins síðastliðin tvö ár og hvaða áhrif það hefur að stíga ekki á bremsuna á komandi kjörtímabili. Í fráviksdæmi þar sem gert er ráð fyrir að staðið sé við „lágmarksloforð“ úr kosningabaráttunni er bent á að líklega þurfi að hækka vexti um 0,5% í upphafi næsta árs. Harla ólíklegt er að ný stjórn setji ekki ekki smá kosningasvip á ný fjárlög.

> **Í fráviksdæmi þar sem gert er ráð fyrir að staðið sé við „lágmarksloforð“ úr kosningabaráttunni er bent á að líklega þurfi að hækka vexti um 0,5% í upphafi næsta árs.**

Til þess að leggja áherslu á áhyggjur sínar er tónninn í yfirlýsingu peningastefnunefndar þyngdur frá fyrri yfirlýsingum: „Núverandi aðhald peningastefnunnar virðist að svo stöddu duga til þess að verðbólga verði að jafnaði við markmið.“ Orðalagið „virðist duga“ gefur ekki fyrirheit um frekari vaxtalækkanir í bili heldur þvert á móti. Það setur ákvörðun peningastefnunefndar um að lækka vexti þrem vikum áður í einkennilegt ljós þar sem stjórnin var fallin á þeim tíma og búið var að boða til kosninga.

Jafnvægisraunvextir upp á 3% eru því enn inni í hagspárlíkani Seðlabankans; forsenda sem meðlimir peningastefnunefndar virðast ekki allir vera sammála um og eru að okkar mati of háir, sérstaklega þegar horft er til þess hvernig sparnaður hefur verið að aukast og skuldsetning haldist hlutfallslega óbreytt í þenslunni undanfarin misseri. Miðað við miklar sviptingar á skoðunum peningastefnunefndar virðast vegast á ólík sjónarmið nefndarmeðlima og því er erfitt að greina hver næstu skref verða. Ólíkar skoðanir hafa hugsanlega áhrif á gagnsæi milli funda. Aðstæður hafa þrátt fyrir allt breyst hratt til hins betra og mikið þarf að ganga á í stjórnmálunum til þess við sjáum ekki áframhaldandi skeið raunvaxtalækkunar.

# Kæru farþegar, verið velkomin til Íslands



**Halldóra Gyða Matthíasdóttir** rekstrarstjóri sölu- og markaðssviðs Kynnisferða og FKA-félagskona

Það er alltaf jafn yndisleg tilfinning að lenda á Keflavíkurflugvelli og fá hlýjar og góðar móttökur. Ég hef oft reynt að setja mig í spor ferðamanna sem koma til landsins, hvernig er upplifunin af því að vera gestur á Íslandi? Hvernig tökum við á móti ferðamönnum? Hvernig er viðhorf okkar gagnvart þeim og hversu opin og vingjarnleg erum við?

Ég hef ferðast um vinsæla ferðamannastaði bæði hérlendis og erlendis og sú umræða að við séum komin að þolmörkum finnst mér ansi ýkt í þeim samanburði. Auk þess hefur aðstaða fyrir ferðamenn á Íslandi verið bætt verulega á mörgum stöðum og margir nýir og spennandi afþreyingarmöguleikar í boði.

Hvað varðar umræðu um gjaldtöku þá finnst mér alls ekki óeðlilegt að greiða fyrir þjónustu sem er veitt hverju sinni, enda ræður framboð og eftirspurn alltaf þegar á hólminn er komið.

Um 50% af hagvexti frá 2010 eru tilkomin vegna ferðaþjónustunnar og undanfarin sex ár hefur ferðaþjónustan búið til rúmlega níu þúsund ný störf og hlutfall greinarinnar í útflutningstekjum landsins hefur farið úr 20% árið 2010 í 39% árið 2016.

Einn stærsti ferðaþjónustuaðili í heimi, TripAdvisor, setti Ísland á kortið í sumar þegar hann fór í sameiginlega markaðsherferð með Reykjavík Excursions og kynnti Ísland sem einn mest spennandi áfangastað í heimi. Viðskiptavinir TripAdvisor gátu tekið þátt í happdrætti þar sem vinningurinn var Unleash Iceland ferð til Íslands fyrir tvo, flug, gisting í fjórar nætur og margvíslegar dagsferðir. Ferðalagi vinningshafanna var fylgt eftir og var einstaklega gaman að fylgjast með upplifun þeirra.

Upplifun hangir saman við væntingar. Því er mikilvægt að stýra væntingum og það er hlutverk allra Íslendinga að taka vel á móti ferðamönnum hvar sem þeir koma, hvort sem við erum í ferðaþjónustu eða ekki. Þá er gott að hafa í huga hvernig við viljum að tekið sé á móti okkur hvert sem við förum sem ferðamenn. Því er líka mikilvægt að við tölum á jákvæðan hátt um íslenska ferðaþjónustu.

Við þökkum fyrir ánægjuleg kynni á Íslandi og vonumst til að sjá ykkur aftur fljótlega.




**Það er frábær *bíómyndamánuður* framundan í desember.**

Ekki missa af stórgóðum og þrælskemmtilegum bíómyndum fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 29. nóvember 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Lítil þúfa

**Gjarnan** er það svo að stór tækifæri á viðskiptasviðinu haldast í hendur við ýmsar tækninýjungar. Þannig var það eftir að internetið kom til sögunnar og varð síðar aðgengilegt öllum stundum úr snjallsímum sem eru áfastir við flesta eins og fimmti útlimurinn. Með því fylgdi netverslunin sem síðan hefur vaxið þannig að ekki sér fyrir endann á því.

**Eins og** oft vill verða er það þó ekki þannig að allir græði. Þannig hefur aukin netverslun haft ýmsa fylgifiska. Verslanir sem eru sterkar á netinu hafa þannig unnið á, en ekki síður hefur hefðbundin verslun þurft að ganga í gegnum ákveðna aðlögun. Gott dæmi um það er að með aukinni netverslun hefur ekki verið sama þörf fyrir alla þessa fermetra undir verslunarpláss líkt og áður var. Það sjáum við merki um bæði hér heima og erlendis. Á Íslandi virðast verslunarmiðstöðvar eiga erfiðara með að laða að verslanir og algengara er en áður að pláss standi auð. Engum dettur í hug að stækka verslunarmiðstöðvar jafnvel þótt einstaklega vel ári í efnahagslegu tilliti.

**Erlendis** er þessu alveg eins farið. Stór tískumerki líta í auknum mæli á verslanir á bestu stöðum sem auglýsingu sem ýtt getur undir netsölu. Mörg þekkt tískumerki, sérstaklega í ódýrari eða milliflokki, eiga í mesta basli með að standa undir leigusamningum víða um lönd. Þau eru mörg hver markvisst að vinda ofan af slíkum samningum, fækka verslunum og auka netsölu.

**Þetta ferli** endar bara á einn hátt. Annaðhvort standa félögin uppi straumlínulagaðri eða þau sligast undan fermetrum sem þau ekki geta notað. Ekki er nema von að í þessu árferði hafi Kaupþingi, sem enn situr á nokkrum rótgrónum enskum tískumerkjum á borð við Karen Millen og Coast, gengið illa að selja sig út úr þeim fjárfestingum.

**Annað** sem tengist þessu eru verslunarmiðstöðvar, sérstaklega í Bandaríkjunum, en talið er að mörg fasteignafélög horfi fram á svo erfiða tíma vegna offjárfestinga í verslunarplássi að jafnvel hefur verið talað um aðra 'sub prime' eignabólu í því samhengi. Þannig getur lítil þúfa oft velt þungu hlassi.

## Brynjar Þór til Stapa lífeyrissjóðs

Brynjar Þór Hreinsson, sem hefur verið forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Íslenskum verðbréfum (ÍV), hefur ráðið sig til Stapa lífeyrissjóðs, samkvæmt upplýsingum Markaðarins.


Brynjar Þór Hreinsson.

Brynjar hefur starfað hjá Íslenskum verðbréfum frá árinu 2015 en áður hafði hann meðal annars verið framkvæmdastjóri eignaumsýslu ALMC á Íslandi og forstöðumaður hjá eignastýringu Straums fjárfestingarbanka. Stutt er síðan Jóhann Steinar Jóhannsson, sem hafði einnig starfað hjá Íslenskum verðbréfum sem framkvæmdastjóri ÍV sjóða, tók við sem framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs.

Þá greindi Markaðurinn frá því í síðustu viku að Sigurður Hreiðar Jónsson, sem var forstöðumaður markaðssviðs Íslenskra verðbréfa, hefði jafnframt sagt upp störfum hjá fyrirtækinu og myndi brátt taka til starfa hjá verðbréfafyrirtækinu Íslenskum fjárfestum. Aðeins fimm mánuðir eru síðan Sigurður Hreiðar var ráðinn til Íslenskra verðbréfa. **– hae**

**27.11.2017**

**Frekar ætla menn að láta allan vinnumarkaðinn fara í bál og brand heldur en að axla ábyrgð á því að þetta gengur ekki upp.**


Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ







STIGA



**Snow Blizzard snjóblásari**
B&S mótor með rafstarti, 249cc
Dreifing 1 - 10 metrar
69cm vinnslubreidd
Með ljósum og á grófum dekkjum
Frábær í mikinn og erfiðan snjó

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122. Lokað frá 12. nóvember - 5. desember.

# Heilsa

## Nudd

THAI Nuddstofan

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og olíunudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VEISLAN**
Vegna aukina umsvifa leitar Veislan að góðum bilstjóra í fullt starf. Viðkomandi verður að tala íslensku, vera stundvís og áræðanlegur. Einnig leitum við að starfsfólki til að aðstoða í eldhúsi.
**Umsóknir sendist á : andrea@veislan.is**

**VÉLVÍK EHF**
óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt störf á verkstæði. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar. Upplýsingar gefur Þórður Elefsen í síma 587 9960.

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti

## Þjónusta

HÚS Í HÚS
**BYGGINGAVERKTAKAR**
Getum bætt við okkur verkefnum
NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR
859 5900
www.husihus.is
daniel@husihus.is

## Fundir



# Öldrunarsetur við Sléttuveg
## Almennur kynningarfundur

**Miðvikudaginn 29. nóvember kl. 16:00**
**í félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar að Hvassaleiti 56-58**

Sjómannadagsráð í samvinnu við Reykjavíkurborg standa að uppbyggingu á Öldrunarsetri við Sléttuveg.

Þar verður fjölþætt starfssemi í þjónustumiðstöð sem tengir saman hjúkrunarheimili og leiguíbúðir fyrir aldraða.

Á fundinum verður verkefnið og framkvæmd þess kynnt.

das

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

## Erum að gera gagn þó okkur finnist við oft gera lítið

**Samtökin Ísland-Palestína voru stofnuð á þessum degi árið 1987. Þó enn ríki ófriður milli Ísraela og Palestínumanna segir fyrrverandi formaður samtakanna að mörgu hafi verið komið til leiðar. Blásið er til veislu og málfundar til að halda upp á tímamótin.**

Þó okkur finnist að það sem við erum að gera sé oft lítið þá tel ég að þarna höfum við fengið viðurkenningu á því að við séum að gera gagn og að eftir því sé tekið," segir Sveinn Rúnar Hauksson læknir, einn stofnenda samtakanna Íslands-Palestínu, formaður þeirra í aldarfjórðung og heiðursborgari Palestínu númer 25. Samtökin fagna í dag þrjátíu ára afmæli en Sveinn var formaður þeirra frá 1990 til 2015.

Þegar Sveinn Rúnar lítur yfir farinn veg og þá áfanga sem samtökin hafa náð minnist hann strax þingsályktunar sem var samþykkt samhljóða árið 1989, rétt rúmu ári eftir stofnun þeirra, sem viðurkenndi grundvallaratriði um sjálfstæði Palestínu og rétt flóttafólks til að snúa aftur heim. Ályktunin fylgdi í kjölfar friðsamlegrar uppreisnar íbúa á herteknu svæðunum.

„Það var einnig stórkostlegur atburður að Alþingi skyldi árið 2011 viðurkenna, á ný, samhljóða, sjálfstæði Palestínu," segir Sveinn Rúnar. „Sjálfstæðismenn sátu að vísu hjá en það þýddi að málið fór í gegn mótatkvæðalaust. Ég túlkaði það sem stuðning við tillöguna. Það var gríðarlega stór dagur fyrir félagið og fyrir Ísland."

Í upphafi var félagafjöldi Íslands-Palestínu nokkuð stöðugur í um hundrað manns. Aðgerðir og átök á svæðinu þýða þó að fleiri og fleiri bætast í hópinn og eru félagar nú yfir þúsund.



**Sveinn Rúnar Hauksson læknir og fyrrverandi formaður Íslands-Palestínu.** VÍSIR/ARNÞÓR

„Nú síðast árið 2014 þegar stórskotalið lét sprengjum rigna yfir innikróaða íbúa. Meira en 2.200 voru þá myrtir, þar af 551 barn, og heilu hverfin lögð í rúst. Þá var mótmælt víða um heim. Aldrei hafa fleiri komið saman fyrir utan sendiráð Bandaríkjanna hér á landi til að mótmæla," segir Sveinn.

Í tilefni af afmælinu stendur félagið fyrir tveimur viðburðum. Í kvöld verður blásið til veislu á Hallveigarstöðum þar sem boðið verður upp á hlaðborð palestínskra veislurétta. Dagskrá hefst kl. 19. Á morgun halda heiðursgestir afmælisins, Palestínumaðurinn Wajih Tmeizi og Ísraelinn Nir Oren, erindi í Norræna húsinu. Mennirnir eru meðlimir samtakanna PCFF sem eru samtök palestínskra og ísraelskra fjölskyldna sem hafa misst ástvini í átökum þjóðanna.

**johannoli@frettabladid.is**

---



†

Ástkær bróðir okkar,

**Guðmundur Ásgeirsson**

Hverfisgötu 108, Reykjavík,

lést 17. nóvember. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju mánudaginn 4. desember kl. 13.

**Jenný Ásgeirsdóttir**
**Hilmar Ásgeirsson**
**Helga Ásgeirsdóttir**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hlöðver Oddsson**

offsetprentari,

lést laugardaginn 25. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut.

**Birna Júlíusdóttir**
**Kristján Hlöðversson Þórdís Ívarsdóttir**
**Guðríður Hlöðversdóttir Magnús Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Þökkum auðsýnda samúð og kærleik vegna andláts elsku sonar okkar, bróður, barnabarns, barnabarnabarns og frænda,

**Andra Líndal Ágústssonar**

**Ágúst Líndal Haraldsson Valgerður Sigurjónsdóttir**
**Gunnhildur Fjóla, Olgeir, Hreinn, Ágúst og Aron**
**Sigurjón Sigurðsson Edda Ólafsdóttir**
**Svanbjörg Sigurjónsdóttir og frændsystkin.**

---



†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnlaugur Skúlason**

dýralæknir,
Furugrund 24, Selfossi,

lést sunnudaginn 19. nóvember. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 2. desember kl. 11. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á dagdvölina Vinaminni, kt. 650598-2029, reikn. 0152-26-1080.

**Renata Vilhjálmsdóttir**
**Barbara Gunnlaugsdóttir Thomas Schwarzlose**
**Helga Gunnlaugsdóttir Óskar Þór Jóhannsson**
**Elín Gunnlaugsdóttir Bjarni Harðarson**
**Skúli Tómas Gunnlaugsson**
**Hákon Páll Gunnlaugsson Karen Kristjana Ernstsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi, langafi og langalangafi,

**Gunnar Skjöldal**

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 14. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Helga Aðalsteinsdóttir**
**Sigurður Reynir Gunnarsson Erla Sveinsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir**
**Birgir Skjóldal Guðlaug Ósk Guðjónsdóttir**
**Anna Bára Gunnarsdóttir Svanur Kristófersson**
**Gunnar Páll Gunnarsson Guðríður Sveinsdóttir**
**Viðar Gunnarsson Arna Ósk Geirsdóttir**
**Garðar Ingvi Gunnarsson**
**Harpa Hrönn Gunnarsdóttir Sigurður Ágústsson**
**Helga Skjóldal Guðmundur Ísidórsson**
**Gunnar Skjóldal Ómarsson Ývette Ómarsson**
**Aníta Gunnarsdóttir Skjóldal Benedikt G. Karlsson**
**og afabörnin.**

---



†

Ástkær eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Daníel Kristinsson**

lést aðfaranótt sunnudagsins 26. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 4. desember kl. 15.

**Vigdís Greipsdóttir**
**Hólmfríður Ásmundsdóttir**
**Sólveig B. Daníelsdóttir**
**Kristinn Daníelsson Simone Daníelsson**
**Berglind Daníelsdóttir**
**Fjóla Daníelsdóttir Guðjón Helgi Eggertsson**
**systkini og barnabörn.**

---



†

Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Einar Höskuldsson**

lést á Heilbrigðisstofnun Blönduóss föstudaginn 24. nóvember. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bryndís Júlíusdóttir**
**Rúna og Sísa Einarsdætur**

---



†

Bróðir okkar,

**Stefán Kristjánsson**

frá Lambeyri,

varð bráðkvaddur 14. nóvember síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Systkinin**

---



Systir mín,

**Ólöf Ríkarðsdóttir**

er látin. Útför auglýst síðar.

**Ásdís Ríkarðsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Sigurðardóttir**

lést á heimili sínu, Hrafnistu í Hafnarfirði, fimmtudaginn 23. nóvember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Ívar Bjarnason Gunnhildur P. Gunnarsdóttir**
**Sólveig Edda Bjarnadóttir Gunnlaugur Sigurðsson**
**Guðrún Bjarnadóttir Jóhannes Kristjánsson**
**Valgerður Bjarnadóttir Haraldur Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón A. Hassing**

vélfræðingur og kennari,
til heimilis að Rjúpnasölum 14,

lést á Hrafnistu í Kópavogi 22. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 1. desember klukkan 11. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á félagið Heilaheill.

**Valgerður B. Hassing**
**Guðbjörg Hassing Olgeir Þór Karlsson**
**Kristín Anna Hassing**
**Linda Björk Hassing Ann-Sofie Axelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ÞAU YNGSTU!







# LÆRIÐ OG SKEMMTIÐ YKKUR!

### MITT FYRSTA ALIAS

**Mitt fyrsta Alias býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan!**




Getur þú útskýrt orð án þess að nota neinn hluta orðsins? Hugsaðu hvar þú hefur séð hlutinn áður, hversu stór hann er eða hvernig hann lítur út. Það er hægt að skemmta sér og auka orðaforðann í leiðinni.



**Komdu með litríkum persónum í skemmtilegan orðaleik!**

## KOMIÐ Í VERSLANIR!

Dreifing MYNDFORM

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Vestlæg átt og hlýnar í veðri. Snjókoma með köflum fyrir norðan, en dálítill suddi eða rigning V-lands, einkum síðdegis. Bjartast verður SA-til. Hiti nær að öllum líkindum að hífa sig upp fyrir frostmark vestan til, en fyrir austan verður áfram frost.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 4° | 5° |
| ↗7 | ↗13 | ↗16 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 3° | 2° |
| ↗5 | →4 | ↗7 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 5° |
| ↗9 | ↗9 | ↗10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 3° | 2° |
| ↗7 | ↗4 | ↑8 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | | 9 | | | |
| 1 | 3 | 8 | | 4 | 7 | 2 | | |
| | 7 | | | | 1 | | 4 | |
| 6 | 4 | 1 | | | | 3 | | |
| | | 2 | | | | | | |
| 8 | | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | 9 | |
| | | | 9 | | | 8 | | |
| 9 | | 4 | 8 | | 2 | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | 2 | 1 | |
| | 2 | | 7 | | 4 | 3 | | |
| | 3 | | 5 | | | | | 9 |
| 9 | 4 | | | 2 | | | | |
| | | 7 | 3 | 4 | | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| 6 | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 5 | | | | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 3 | 4 |
| 7 | | 6 | | | | 5 | 1 | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | 5 | 9 | 4 | | | | | 1 |
| | | | 9 | 3 | | 6 | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 7 | 4 | 2 |
| | | 5 | | 6 | | 9 | | |
| 3 | | | 8 | | 7 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ramb
6. kringum
8. nögl
9. gras
11. í röð
12. krassa
14. sveigur
16. tveir eins
17. yfirbreiðsla
18. peningur
20. gjaldmiðill
21. ílát

**LÓÐRÉTT**
1. ló
3. í röð
4. tímatal
5. gláp
7. auðkenndur
10. drulla
13. samræða
15. listi
16. verkur
19. óreiða

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. kjag, 6. um, 8. kló, 9. sef, 11. mn, 12. krota, 14. krans, 16. tt, 17. lak, 18. aur, 20. kr, 21. krús.
**LÓÐRÉTT:** 1. kusk, 3. jk, 4. almanak, 5. gón, 7. merktur, 10. for, 13. tal, 15. skrá, 16. tak, 19. rú.

## Skák Gunnar Björnsson

Aljekín átti leik gegn Lasker í Zürich í Sviss árið 1934.
**Hvítur á leik**
**1. Dxg6!**
Á morgun verður Skemmtikvöld Skáksambandsins. Friðrik Ólafsson segir frá millisvæðamótinu í Portoroz árið 1958.

**www.skak.is.** Nýjar skákfréttir



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman









## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






SAMBÍÓIN SAMbio.is

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 - 6:20 | L |
| COCO ENSKT TAL | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 9 | 12 |
| JUSTICE LEAGUE 2D VIP | KL. 8 - 10:40 | VIP |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 6 - 8 - 9 - 10:50 | 12 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| COCO ENSKT TAL | KL. 6 - 8 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 9 | 12 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:35 | 12 |
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 10:35 | 16 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| COCO ENSKT TAL | KL. 8 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5 - 7:35 - 10:10 | 12 |
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 8 | 16 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 10:20 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 | L |
| COCO ENSKT TAL | KL. 8 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:10 - 10:40 | 12 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 29. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Íslenski saxófónkvartettinn í Fríkirkjunni í Hafnarfirði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan, Hafnarfirði
Á tónleikunum flytur kvartettinn m.a. nýjar útsetningar á verkum eftir enska barokktónskáldið Henry Purcell sem Peter Tompkins útsetti sérstaklega fyrir hópinn. Einnig verða leikin önnur verk frá barokktímanum, svo og endurreisnartímanum. Falleg íslensk sönglög og þjóðlegir dansar frá Ungverjalandi verða líka á efnisskránni. Tónleikarnir verða án hlés og taka um klukkustund.

**Hvað?** bagdad brothers, Korter í flog og Krakk & Spaghettí á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
bagdad brothers, Korter í flog og Krakk & Spaghettí leika fyrir dansi á Húrra. Frítt inn.

**Hvað?** Karl Hallgrímsson í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Í kvöld mun Karl Hallgrímsson halda uppi stemningunni.

**Hvað?** Bjössi Thor Band á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans kemur gítarleikarinn dáði Björn Thoroddsen fram ásamt hljómsveit sinni Bjössi Thor Band. Tríóið mun leika í bland djass, blús og rokkættaða tónlist sem getur farið í allar áttir, en þar liggja rætur Björns sem tónlistarmanns.

### Viðburðir

**Hvað?** Hvar er ljóðið mitt?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Húnabúð, Skeifunni
Nokkrir gestanna lesa uppáhaldsljóðið sitt, Ingimar Halldórsson og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir kveða stökur að norðan og fluttur verður þáttur af Þóru Jónsdóttur, prestsfrú á Auðkúlu.

**Hvað?** Hádegiserindi um Guðrúnu frá Lundi
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Marín Guðrún Hrafnsdóttir, langömmubarn Guðrúnar, segir frá æviferli skáldkonunnar og veitir gestum innsýn í tíðaranda horfins heims. Dagskráin er liður í Menningu á miðvikudögum á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi en Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Salurinn skiptast á að bjóða áhugaverða og ókeypis dagskrá í hádeginu á miðvikudögum.

**Hvað?** Ísland-Palestína 30 ára
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Salur Kvenfélagasambands Íslands, Túngötu
Hlaðborð palestínskra veislurétta að hætti veitingamanna á Mandí. Mazen Maarouf skáld les upp úr væntanlegri bók sinni hjá Forlaginu. Ásgeir Ásgeirsson tónlistarmaður leikur á oud. Sveinn Rúnar Hauksson, fyrrverandi formaður samtakanna, flytur afmælisávarp. Veislustjóri: Þuríður Backman, Palestínufari og fyrrverandi alþingismaður. Miðaverð 3.600 krónur, matur innifalinn.

**Hvað?** Improv Ísland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Spunasýning í Þjóðleikhúskjallaranum, eins og aðra miðvikudaga.



**Marín Guðrún segir frá æviferli Guðrúnar frá Lundi í bókasafni Kópavogs.**

**Hvað?** Norðurlöndin á milli Hitlers og Stalíns
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Norræna húsið
Valur Gunnarsson er blaðamaður, rithöfundur og sagnfræðingur. Hann er nú að vinna meistaraverkefni sitt í sagnfræði sem fjallar um „hvað ef“ spurningar og Norðurlöndin. Nýlega kom út eftir hann skáldsagan Örninn og fálkinn sem fjallar um hvað hefði getað gerst ef Þjóðverjar hefðu orðið á undan Bretum til Íslands.

**Hvað?** Reikistjörnur í réttu ljósi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Valhúsaskóla, Seltjarnarnesi
Björn Jónsson fjallar um úrvinnslu á ljósmyndum af reikistjörnum sem teknar hafa verið af könnunarförum NASA. Hann hefur um árabil verið í hópi áhugamanna sem vinna úr þeim aragrúa hrárra mynda sem NASA birtir á netinu. Úrvinnslan er flókin og sérhæfð, en útkoman augnayndi sem allir geta notið.

**Hvað?** Fötlun fyrir tíma fötlunar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum býður til opnunar öndvegisverkefnisins Fötlun fyrir tíma fötlunar.


Góða skemmtun í bíó

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum
www.kia.com

Settu þig í samband við sparnaðinn!

Kia Niro Hybrid með 300.000 kr. afslætti*



Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum út desember

KIA The Power to Surprise

58 km drægni – einn af mörgum kostum Niro

**Kia Niro PHEV** er aflmikill bíll með karakter jepplings, umhverfismildur og áreiðanlegur. Hann leitast alltaf við að keyra á rafmagni, hefur 58 km drægni og eyðir því aðeins frá 1,3 l/100 km í blönduðum akstri. Kia Niro er dugmikill rafbíll á frábæru verði og honum fylgir að sjálfsögðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Niro. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Niro Hybrid, sjálfskiptur, á verði frá:
**3.890.777 kr.**
Verð áður 4.190.777 kr.
*Takmarkaður fjöldi

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Party | 18:00, 22:30 |
| Varnarliðið | 18:00 |
| La Chana | 18:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB | 20:00 |
| Suburbicon | 20:00 |
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 20:00 |
| Undir Trénu ENG SUB | 22:15 |
| Rökkur ENG SUB | 22:00 |





ÍSSKÁPASTRÍÐ
KL. 20:05
Eva Laufey og Gummi Ben. fá til sín góða gesti í fjörugasta matreiðsluþátt landsins og eins og fyrri daginn eru það matreiðslusnillingarnir Hrefna Sætran og Siggi Hall sem sjá um dómgæsluna.

Magnað
Miðvikudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

JAMIE´S 15 MINUTE MEALS
KL. 19:35
Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.






BLACK WIDOWS
KL: 20:45
Þær eru mættar aftur, svörtu ekkjurnar í glænýrri og hörkuspennandi skandinavískri seríu þar sem þær hafa ráð undir rifi hverju til þess að viðhalda lífsstíl sem þeim líkar.

TEN DAYS IN THE VALLEY
KL. 21:35
Farsæll sjónvarpsframleiðandi stendur í erfiðu skilnaðarmáli og skyndilega snýst veröld hennar á hvolf, bæði í vinnu og einkalífi. Dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í aðalhlutverki.



WENTWORTH
KL. 22:20
Það er ekki tekið út með sældinni að dúsa í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu. Ögrandi sería um útsmognu glæpakvendin í Wentworth-fangelsinu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.20 Blíða og Blær
07.45 The Middle
08.10 Mindy Project
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 50 Ways to Kill Your Mammy
11.05 My Dream Home
11.50 Logi
12.35 Nágrannar
13.00 Á uppleið
13.25 Grantchester
14.15 The Night Shift
15.00 Major Crimes
15.45 Anger Management
16.05 Nettir Kettir
16.55 Bold and the Beautiful
17.17 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.25 Fréttayfirlit og veður
19.30 Víkingalottó
19.35 Jamie's 15 Minute Meals
20.00 Ísskápastríð Önnur syrpa þessara skemmtilegu matreiðsluþátta í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben. Í hverjum þætti fá þáttastjórnendur til sín keppendur sem þeir skipta með sér í lið. Keppnin gengur svo út á það að í byrjun fá þeir að velja einn ísskáp af nokkrum mögulegum og í hverjum ísskáp er hráefni sem þeir þurfa að vinna úr innan ákveðins tímaramma til að töfra fram girnilega rétti.
20.40 Black Widows
21.30 Ten Days in the Valley Spennuþættir með Kyru Sedgewick í hlutverki sjónvarpsframleiðanda sem stendur í erfiðu skilnaðarmáli. Veröld hennar snýst á hvolf þegar hún uppgötvar að dóttir hennar er horfin og um leið hriktir í stoðum vinnu hennar.
22.15 Wentworth
23.15 Nashville
00.45 The Good Doctor
01.30 The Blacklist
02.15 James White
03.40 London Road
05.10 The Mysteries of Laura
05.55 Married

### STÖÐ 2 SPORT

08.30 Burnley - Arsenal
10.10 Huddersfield Town - Manchester City
11.50 Southampton - Everton
13.35 Atlanta Falcons - Tampa Bay Buccaneers
15.55 Los Angeles Rams - New Orleans Saints
18.20 Minnesota Timberwolves - Phoenix Suns
19.50 Everton - West Ham
22.00 Watford - Manchester United
23.40 Chelsea - Swansea

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.40 WBA - Newcastle
09.20 Brighton - Crystal Palace
11.00 Leicester - Tottenham
12.40 Watford - Manchester United
14.20 Premier League Review
15.15 Þýsku mörkin
15.45 Valur - Haukar
17.15 Seinni bylgjan
18.50 Spænsku mörkin
19.20 Gary Neville's Soccerbox
19.50 Stoke City - Liverpool
22.00 Manchester City - Southampton
23.40 Arsenal - Huddersfield

### STÖÐ 3

17.30 Gilmore Girls
18.15 The Big Bang Theory
18.40 Fresh off the Boat
19.05 Modern Family
19.30 Seinfeld
19.55 Friends
20.20 Stelpurnar
20.45 Flash
21.30 Vice Principals
22.05 Junk Food Kids: Who's to Blame
22.55 Næturvaktin
23.25 Gotham
01.00 Seinfeld
01.25 Friends
01.50 Modern Family
02.15 Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveins
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Ævintýraferðin
08.37 Hvellur keppnisbíll
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 K3
09.13 Víkingurinn Viggó
09.27 Tindur
09.38 Mæja býfluga
09.50 Elías
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveins
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Ævintýraferðin
12.37 Hvellur keppnisbíll
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 K3
13.11 Víkingurinn Viggó
13.25 Tindur
13.38 Mæja býfluga
13.50 Elías
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveins
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Ævintýraferðin
16.37 Hvellur keppnisbíll
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 K3
17.11 Víkingurinn Viggó
17.25 Tindur
17.38 Mæja býfluga
17.50 Elías
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Töfrahúsið

### GOLFSTÖÐIN

08.15 Golfing World 2017
09.05 US Women's Open 2017
13.40 Golfing World 2017
14.30 DP World Tour Championship
20.20 Golfing World 2017
21.10 Presidents Cup 2017 - Official Film
22.00 CME Group Tour Championship
01.15 PGA Special: Arnold Palmer
01.55 Golfing World 2017

### STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 The Edge of Seventeen
13.25 Tumbledown
15.10 Flying Home
16.50 The Edge of Seventeen Dramatísk gamanmynd frá 2016. Allir vita að það er erfitt að vaxa úr grasi, og það er það sem miðskólaneminn Nadine upplifir líka. Henni finnst allt vera hálf vandræðalegt í kringum sig og ekki batnar það þegar eldri bróðir hennar Darian, sem er aðalgaurinn í skólanum, byrjar með bestu vinkonu hennar, Krista. Allt í einu finnst Nadine hún vera meira einmana en nokkru sinni fyrr, eða þar til að hún kynnist óvænt strák sem gefur henni smá von um að lífið sé ekki svo slæmt eftir allt saman.
18.35 Tumbledown
20.20 Flying Home
22.00 Losers
23.15 Knights of Badassdom
02.50 Losers

### RÚV

17.20 Neytendavaktin
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Vinabær Danna tígurs
18.12 Klaufabárðarnir
18.19 Sanjay og Craig
18.45 Lautarferð með köku
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Kastljós og Menningin
20.00 Einmana á miðjum aldri
20.35 Kiljan
21.15 Castle
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Saga WikiLeaks
00.25 Kveikur
01.05 Kastljós og Menningin
01.30 Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Everybody Loves Raymond
08.22 Dr. Phil
09.06 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.51 The Late Late Show with James Corden
10.35 Síminn + Spotify
13.20 Dr. Phil
14.01 Extra Gear
14.28 Top Chef
15.22 Life in Pieces
15.46 Survivor
16.36 Everybody Loves Raymond
16.58 King of Queens
17.21 How I Met Your Mother
17.42 Dr. Phil
18.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.12 The Late Late Show with James Corden
19.58 Föst í fátækt
20.20 Ilmurinn úr eldhúsinu
21.00 This is Us
21.53 Salvation
22.35 Difficult People
23.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
23.45 The Late Late Show with James Corden
01.10 The Good Fight
01.55 Wisdom of the Crowd
02.40 Law & Order True Crime: The Menendez Murders
03.25 Better Things
03.55 This is Us
04.40 Salvation
05.25 Difficult People

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

# FERSKUR LESTUR

## TILBOÐ Á NÝJUM BÓKUM!




Passamyndir




Fjallið sem yppti öxlum




Blóðug jörð




Brotamynd

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er aðeins 30. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Daðrað við hvort annað í litavali

Formaður Vinstri grænna, Katrín Jakobsdóttir, fékk umboð forseta Íslands til stjórnarmyndunar í gær. Katrín mætti í bláu pilsi en stutt er síðan formaður Sjálfstæðisflokksins mætti til fundar í grænni peysu. Álitsgjafar Fréttablaðsins eru sammála um að þetta sé engin tilviljun.

Það er alveg augljóst að þetta er ekki tilviljun," segir einn álitsgjafi Fréttablaðsins um að Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, hafi mætt til að fá stjórnarmyndunarumboðið frá forseta Íslands í bláu pilsi. Eðlilega hefur grænn verið litur flokksins, hann heitir jú Vinstrihreyfingin – grænt framboð og blár verið yfirleitt kenndur við Sjálfstæðisflokkinn.

„Ég er þeirrar skoðunar að fólk tjái sig að einhverju leyti í gegnum klæðaburð. Stjórnmálafólk er þar engin undantekning. Auðvitað getur það verið tilviljunarkennt, hvaða flíkum fólk velur að klæðast en þetta er ansi skemmtilegt," segir annar álitsgjafi.


Blátt klæðir Katrínu vel og Bjarni rokkar grænt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM, EYÞÓR

Stutt er síðan Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, mætti til fundar í Ráðherrabústaðnum í grænni peysu sem vakti töluverða athygli. „Það má túlka þetta á þann veg að Bjarni velji að klæðast grænni peysu í upphafi stjórnarmyndunarviðræðna, til að senda þau skilaboð að nú sé hann að bjóða VG velkomin til samstarfs. Kata velur svo blátt pils þar sem hún kynnir fyrirhugað samstarf við Sjálfstæðisflokkinn fyrir forsetanum. Flokkurinn hefur yfirleitt kennt sig við bláan lit en Katrín getur með þessu verið að senda stuðningsmönnum sínum þau skilaboð að blái liturinn klæði þau vel," segir enn einn álitsgjafinn.

Einn tískuspekingur hefur tekið eftir að formlegheitin í fatavali Bjarna hafi farið minnkandi. „Sérfræðingarnir á bak við kosningavélina eru búnir að stjórna klæðnaðinum undanfarið. Bjarni er orðinn miklu hversdagslegri. Hann er hættur að nota bindi, hneppa jakkanum og jafnvel greiða sér. Þar er hann að höfða til vinstri bæði með útliti og litavali. Kata er síðan bara í augljósu sjálfstæðispilsi sem getur ekki verið tilviljun."

Annar tískuspekingur tekur ekki svo djúpt í árinni.

„Það sem mig grunar að hafi gerst er að það hafi verið settur á leynivinaleikur milli flokkanna sem eiga í viðræðum um myndun ríkisstjórnar. Svona til að hrista saman hópinn.

Augljóslega hafa þau tvö lent saman sem leynivinir. Kata hefur flissað inni í sér þegar hún gaf Bjarna Vinstri græna peysu og Bjarni endurgoldið henni með Sjálfstæðisbláu pilsi. Aðrar skýringar eru mögulegar en mér finnst þessi líklegust."

Segir enn einn spekingurinn að fatavalið sé aðeins gert til að sýna virðingu. „Það er eitthvað þarna, það er klárt. Þetta er gert til að sýna lit og virðingu fyrir komandi samstarfi. Vonandi gengur það vel.

Það vantar bara að Sigurður Ingi mæti með blágrænt bindi á fund með þingflokknum og þrenningin er fullkomnuð – að minnsta kosti í fatavali." benediktboas@365.is

## ÁLITSGJAFAR

**Álfrún Pálsdóttir**, ritstjóri Glamour
**Stefán Jakobsson** söngvari
**Magnús Már Einarsson** ritstjóri
**Gunnsteinn Helgi**, veitingamaður

**AUÐVITAÐ GETUR ÞAÐ VERIÐ TILVILJUNARKENNT HVAÐA FLÍKUM FÓLK VELUR AÐ KLÆÐAST EN ÞETTA ER ANSI SKEMMTILEGT.**




# MAMMA, ÉG ER Á LÍFI

**BRÉF OG FRÁSAGNIR**
**ÍSLENSKRA PILTA**
**Í VÍTI HEIMSSTYRJALDAR**

*Þeir gengu glaðir í kandadíska herinn haustið 1914 til að þjóna sínu nýja föðurlandi, en áttu eftir að upplifa hreint helvíti.*

*Í hispurslausum og oft átakanlegum bréfum til ættingja og vina lýstu þeir veruleika stríðsins, fjarri glansmynd áróðursmeistaranna.*




**Jakob Þór Kristjánsson**

Sögur
ÚTGÁFA









# Breyta brauði í „geggjaðan“ bjór

**Rakel Garðarsdóttir** hefur undanfarið verið önnum kafin við að smakka nýjan bjór til. Það er bjór sem unninn er úr brauði sem annars færi til spillis og nefnist hann Toast. Bjórinn hefur nú verið fullkomnaður og hann er „geggjaður“ að sögn Rakelar.



Rakel Garðarsdóttir og Ólafur S.K. Þorvaldz bruggmeistari bíða spennt eftir að kynna til leiks nýja bjórinn sem unninn er úr brauði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ég er ásamt Ægisgarði og samtökunum mínum Vakandi í samstarfi við Mylluna að brugga bjór úr afgangsbrauði með það að markmiði að minnka matarsóun,“ segir Rakel Garðarsdóttir spurð út í nýja bjórinn Toast.

Rakel fékk hugmyndina að bjórnum frá vini sínum sem býr í Bretlandi, Tristram Stuart, en hann setti sams konar bjór á markað í Bretlandi ásamt Jamie Oliver. „Ég hitti Tristram um daginn og við förum að ræða þetta. Þá langaði mig svakalega að gera þetta hérna heima, það má nefnilega ekki flytja þann bjór á milli landa,“ útskýrir Rakel. „Þetta varðar líka annað sem við Íslendingar þurfum að pæla í, allan þennan innflutning. En það er önnur saga.“

**Mikið magn brauðs fer í ruslið**

Eftir samtalið við vin sinn hrinti Rakel hugmyndinni í framkvæmd og setti sig í samband við brugghúsið Ægisgarð. „Hugmyndin á bak við þennan bjór er í grunninn brauð. Brauð er meðal þess matar sem fer mest til spillis í heiminum, brauð, mjólkurvörur og salat.“



Brauðið sem notað er í umræddan bjór kemur frá Myllunni. „Við erum í samstarfi við Mylluna, sem mér finnst frábært. Ég hef nefnilega tekið eftir því í störfum mínum með Vakandi að það eru rosalega margir sem vilja loka augunum fyrir vandamálinu. En þannig leysum við engan vanda. En Myllan var til í að takast á við vandann, það sóast nefnilega hjá þeim heimilisbrauð. Og í staðinn fyrir að leyna því þá taka þau þátt í þessu með okkur. Og úr samstarfinu varð þessi frábæri bjór til. Við höfum verið að prufa hann svolítið áfram og hann er alveg geggjaður. Og svo er það Ólafur S.K. Þorvaldz sem bruggar.“

**HANN ER LJÓSBRÚNN OG ÞAÐ ER OFBOÐSLEGA AUÐVELT AÐ DREKKA HANN.**

Spurð út í hvort hún sé mikil bjórkona svarar Rakel játandi. „Já, en kannski ekki *mjög* mikil,“ segir hún og hlær. „En jú, mér finnst bjór alveg mjög góður. Ég er enginn bjórsérfræðingur samt, langt í frá. En ég veit hvað mér finnst gott.“

Beðin um að lýsa Toast segir Rakel: „Þetta er english pale ale, 5,6 prósent. Hann er ljósbrúnn og það er ofboðslega auðvelt að drekka hann.“

Rakel bendir áhugasömum að lokum á að bjórinn verður kynntur til leiks klukkan 20.00 í kvöld í Ægisgarði. „Ég hvet alla til að koma og sjá að þetta virkar. Og kannski þetta kveiki einhverjar hugmyndir hjá fólki um hvernig megi nýta hráefni sem annars fer til spillis. Og vonandi verður þetta bjór sem bætir heiminn,“ segir hún glöð í bragði.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Heima, Skólavörðustíg 12. Geysir.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Bjarna Karlssonar




## Barnaskírn

Ef þú vilt vita hver þú raunverulega ert skaltu horfa á sjálfa(n) þig í gegnum augu barnanna sem eiga öryggi sitt undir þér komið. Ég held að þetta sé kjarninn í siðaboðskap Jesú frá Nasaret.

Þegar fólk velur að skíra barn að kristnum sið þá er það í raun að segja við óvitann: „Við vitum ekki ennþá hver þú ert en við lofum að elska þig eins og þú ert á hverjum tíma og ætlum að reyna að lifa þannig að það sé gott að vera þú.“

Barn tilheyrir ekki bara fjölskyldu sinni heldur er það partur af þjóðfélagi. Þess vegna er skírn opinber athöfn og opinber þjónn er fenginn til að annast hana og ávarpa persónuna með fullu nafni til að segja henni góðu fréttina: „Þú ert og verður alltaf nóg!“ Eini aðilinn sem engu lofar er barnið en fjölskyldan, samfélagið og æðri máttur heita barninu ást og frelsi. Hvort barnið er skráð í eitthvert trúfélag eða ekki er fullkomið aukaatriði í þessu samhengi.

Meistarinn frá Nasaret fullyrti að hvert einasta barn ætti sér engil. Í mínum huga merkir það að þegar ég horfi í augun á barni þá sé guð að horfa í augun á mér. Þannig að þegar ég mæti augnaráði barns horfist ég í augu við dómara minn. Einu sérfræðingarnir í mér og þér eru börnin í lífi okkar. Þau vita hvaða mann við höfum að geyma. Með því að skíra óvita erum við að viðurkenna að nýr dómari sé kominn til starfa. „Ef okkur tekst að lifa þannig að það sé gott að vera þú, þá höfum við kannski gert eitthvað rétt,“ erum við að segja við skírnarbarnið.

Barnið þarfnast ekki skírnar og er ekki betra eða verra hvort heldur það fær skírn, nafnaveislu, veraldlega nafngjöf, eða hvað annað. Barnaskírn er hins vegar grjótharður siður sem aldrei má týnast sem lifandi valkostur.










WOWAIR.IS WOWAIR@WOWAIR.IS